

Sigur tryggir FH rúmlega 750 milljónir króna

ÍÞRÓTTIR Það er heilmikið í húfi fyrir FH sem mætir slóvensku meisturunum í NK Maribor í kvöld, bæði innan vallar sem utan. Sigur tryggir FH-ingum minnst rúmlega 750 milljónir króna en tekjurnar gætu stórukist með enn betri árangri.

„Við sjáum fyrst og fremst tækifæri til að verja verulegum fjárhæðum í uppbyggingu á innra starfi og aðstöðu, sem við höfum sjálfir verið að sinna og höfum metnað til. Og vitaskuld hefur það þau áhrif að við reynum að gera betur við okkar leikmenn og þjálfara í þeirri von að geta viðhaldið góðum árangri,“ segir Jón Rúnar Halldórsson, formaður knattspyrnudeildar FH.

FH tapaði fyrri leiknum úti 1-0. Samanlagður árangur úr leikjunum tveimur gildir. – esá / sjá síðu 22



Davíð Þór Viðarsson, fyrirliði FH

Ráðuneyti svara engu um þýska skipið Minden

STJÓRNSÝSLA Hvorki utanríkisráðuneytið né dómsmálaráðuneytið vilja svara spurningum Fréttablaðsins varðandi fjársjóðsleit breska fyrirtækisins Advanced Marine Services Ltd. í flaki SS Minden sem hvílir á hafsbotni 120 mílur suðaustur af landinu.

Utanríkisráðuneytið er einn þeirra aðila sem Umhverfisstofnun leitaði umsagnar hjá vegna umsóknar AMS um leyfi til að skera gat á Minden þar sem það liggur á meira en 2,2 kílómetra dýpi og sækja þangað skáp eða kistu sem fyrirtækið segist telja innihalda verðmæta málma. Í umsögn sinni vísar ráðuneytið til þess að í 9. grein laga um landhelgi, efnahagslögsögu og landgrunn Íslands segi að vísindarannsóknir á þeim svæðum séu háðar samþykki stjórnvalda.

– gar / sjá síðu 4



Alþjóðlega skátamótinu lýkur í dag en þá er öllum þátttakendum mótsins boðið í risa trommuhring sem í verða allt að sex þúsund manns. Eftir mótið verða trommurnar gefnar til Barnaspítala Hringins og tónlistarskóla. Hefur mótið farið vel fram að sögn Hrannar Pétursdóttur mótsstjóra. MYND/WORLD SCOUT MOOT

Fréttablaðið í dag

SKOÐUN Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir skrifar um haustverk ráðherra. **16**

MENNING Þór Stefánsson gaf nýverið út sína 14. ljóðabók. **28**

LÍFIÐ Síðustu tónleikar Daða Freys í bili verða á Þjóðhátíð. **38**

PLÚS SÉRBLAÐ • FÓLK

*Samkvæmt prentmiðlakönnun Gallup apríl-júní 2015

**BRÚDKAUPS-
BLÓÐRUR OG
SKRAUT**

Finndu okkur á

PARTYBÚÐIN

Faxafeni 11 • Sími 534 0534

A4

SKÓLAVÖRUBÚÐIN ÞÍN

Höfnuðu 11 milljarða tilboði

Fulltrúar lífeyrissjóða, sem eiga þriðjungshlut í HS Orku, beittu neitunarvaldi og höfnuðu ellefu milljarða tilboði frá Blackstone í 30 prósent hlut í Bláa lóninu. Óánægja innan Alterra, meirihluta eiganda HS Orku.

VIÐSKIPTI Ekkert verður af sölu á 30 prósent hlut HS Orku í Bláa lóninu en fulltrúar íslenskra lífeyrissjóða, sem eiga 33,4 prósent í HS Orku í gegnum samlagshlutafélagið Jarðvarma, ákváðu í lok síðustu viku að beita neitunarvaldi sínu og höfnuðu rúmlega 11 milljarða króna tilboði í hlutinn. HS Orka setti hlut sinn í Bláa lóninu í söluferli um miðjan maí og var það sjóður í styringu Blackstone, eins stærsta fjárfestingarsjóðs heims, sem átti hæsta tilboðið, samkvæmt heimildum Fréttablaðsins.

Sá sem styrkir sjóðnum sem áform-

aði að kaupa hlutinn í Bláa lóninu er Chad Pike, einn af yfirmönnum Blackstone í Evrópu, en fyrirtæki í hans eigu rekur lúxushótel Deplar Farm í Fljótunum í Skagafirði. Miðað við verðtilboð Blackstone er Bláa lónið metið á um 37 milljarða en til samanburðar er núverandi markaðsvirði Icelandair Group tæplega 70 milljarðar.

Auk Jarðvarma er HS Orka í eigu Magma Energy, dótturfélags kanadíska orkufyrirtækisins Alterra, en það á 66,6 prósent hlut. Mikillar óánægju gæti hjá stjórnendum Alterra með ákvörðun líf-

3.500

milljónir var hagnaður Bláa lónsins fyrir fjármagnsliði og afskriftir í fyrra.

eyrissjóðanna um að hafna tilboði Blackstone, samkvæmt heimildum Fréttablaðsins. Tilboð bandaríska fjárfestingarsjóðsins hafi enda verið nokkuð yfir væntingum stjórnar HS Orku þegar ákveðið var setja hlut

félagsins í Bláa lóninu í söluferli. Stjórnarformaður HS Orku er Ross Beaty, forstjóri og stjórnarformaður Alterra.


Þrátt fyrir að vera með minnihluta í HS Orku er kveðið á um það í hluthafasamkomulagi HS Orku að allar meiriháttar ákvarðanir fyrirtækisins þurfi samþykki stjórnar Jarðvarma. Stærstu hluthafar Jarðvarma, hvor um sig með tæplega 20 prósent eignarhlut, eru Lífeyrissjóður verslunarmanna og Gildi lífeyrissjóður. Ráðgjafi lífeyrissjóðanna í ferlinu var verðbréfafyrirtækið Arctica Finance. – hae

SOL

LJÚFFENGUR ANANASSAFI

100% SAFI – PRESSAÐUR ÚR 2 ANANASVÖXTUM

Veður



Fremur hægur vindur næstu daga, skýjað með köflum og stöku skúrir. Híti 8 til 18 stig, svalast austast.

SJÁ SIÐU 26

Gera ráð fyrir að hefja starfsemi veturinn 2019

FERÐAÞJÓNUSTA Sveitarstjórn Skeiða- og Gnúhverfahrepps samþykkti á fundi sínum í gær lýsingu að deiliskipulagi fyrir lóð fyrir ferðaþjónustu við Reykholt í Þjórsárdal. Þar hyggst félagið Rauðikambur byggja upp baðaðstöðu, gistingu og veitingaþjónustu.

Lýsingin fer nú fyrir skipulagsnefnd uppsveitanna í Árnessýslu og að fengnu samþykki hennar verður hún auglýst til kynningar.

Sveitarstjórnin ákvað í júní að ganga til samninga við Rauðakamb um uppbygginguna og standa þær viðræður enn yfir. Rauðikambur hefur til umráða 2.500 fermetra lóð en félagið hefur óskað eftir stærra landi.

Áætlanir okkar í Rauðakambi gera ráð fyrir að starfsemi geti hafist veturinn 2019 til 2020 eða eftir um tvö og hálf ár.

Magnús Orri Schram, framkvæmdastjóri Rauðakamb



Magnús Orri Schram, framkvæmdastjóri og einn eigenda Rauðakamb, segir standa til að halda opinn íbúafund síðar í ágúst og kynna þar hugmyndir félagsins fyrir heimamönnum. Til stendur að reisa ferðaþjónustuna við gömlu Þjórsárdalslauginu sem verður fjarlægð.

Hann segir áætlanir félagsins gera ráð fyrir að starfsemi geti hafist veturinn 2019 til 2020. Á meðal annarra þáttakenda í verkefninu er félagið Íslenskar heilsulindir, dótturfélag Bláa lónsins. – **kij**

Skreytum bæ með greinum grænum



„Naustunum verður lokað, gatan tyrfd og skreytt líkt og undanfarin ár,“ segir Steinþór Helgi Arnsteinsson, skipuleggjandi Innipúkans. Myndin sýnir Stein Einar Jónsson og Hilmi Þór Einarsson mæta með trjágreinarnar sem munu meðal annars prýða götuna. „Þetta er hálfgerð vin í eyðimörk Reykjavíkur þessa helgi. Allir borgarþátttakendur og sérstaklega fólk utan af landi eru velkomnir,“ segir Steinþór. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Fleiri bjóða gjaldfrjáls námsgögn

SVEITARSTJÓRNIR Ríkiskaup stendur að sameiginlegu örútbodi fyrir sveitarfélög sem hyggjast bjóða grunnskólanemendum gjaldfrjáls námsgögn á komandi skólaári. Nokkur sveitarfélög hafa ákveðið að taka þátt; Blönduós, Garður, Hafnarfjörður, Hornafjörður og Mosfellsbær. Þetta kemur fram á vef Ríkiskaupa.

Fyrir liggur að Reykjanesbær, Ísafjarðarkaupstaður og Sandgerðisbær hafa náð hagkvæmum samningum í kjölfar örútboda og munu bjóða nemendum gjaldfrjáls námsgögn í haust. Akureyri, Borgarbyggð og Snæfellsbær verja nú þegar fé til námsgagna fyrir grunnskólabörn, málið er til skoðunar í Kópavogi og á fundi bæjarráðs Garðabæjar í gær var ákveðið að greiða fyrir námsgögn að upphæð 5.000 kr. fyrir hvern nemanda í grunnskólum bæjarins. – **aa**

Laga þarf skemmdir í Esjunni með handafla

Maðurinn sem ók Land Cruiser upp í Esjuna um helgina gæti átt yfir höfði sér hundraða þúsunda króna sekt. Skógræktin mun að auki krefja manninn bóta vegna skemmda. Ekki er hægt að fara með tæki upp í hliðarnar til að lagfæra.

NÁTTÚRUVERND Það varðar sektum eða fangelsi allt að tveimur árum að aka vélknúnum ökutækjum utan vega, samkvæmt lögum um náttúruvernd. En þar segir jafnframt að ef alvarleg spjöll verða á náttúru landsins vegna slíkra brota skuli viðkomandi sæta sektum, að lágmarki 350 þúsund krónum, eða fangelsi allt að fjórum árum.

Lögreglan rannsakar nú mál manns sem ók Land Cruiser jeppa upp í Esjuhliðar um síðustu helgi og festi hann þar. Billinn var dreginn niður í fyrrakvöld. „Þetta mál er hjá lögreglunni og meðhöndlað eins og hvert annað lögbrot,“ segir Davíð Örvar Hansson, sérfræðingur hjá Umhverfisstofnun. Hann segir að vegfarandi hafi vakið athygli lögreglu á málinu.

Davíð segir að hingað til hafi viðurlög við brotum jafnan falið í sér fjársektir sem hafi hlaupið á milli hundrað til tvö hundruð þúsunda króna. „Þú sérð til dæmis utanvegaakstur í Kverkfjalli í fyrra. Það var eitthvað á annað hundruð þúsund,“ segir hann.

Helgi Gíslason, hjá Skógræktarfélagi Reykjavíkur, segir skemmdirnar vegna utanvegaakstursins verulegar. „Það verður kostnaðarsamt að laga þetta af því að þetta þarf allt að laga með höndunum. Það er ekki hægt að fara með nein tæki þarna upp til að laga þetta. Enda er svo sem ekki æskilegt að fara með tæki út í mýri. Þetta er eitthvað sem við þurfum að ráðast í mjög fljótt því þarna er hætt við að það fari að grafast úr hjólförnum og það auki skemmdirnar verulega,“ segir hann. Spurdur hvort Skógræktin hafi mannskap til



Jeppa var ekið upp í miðjar hliðar Esjunnar þar sem hann festist. Hafa þarf hraðar hendur við að laga skemmdirnar sem af hlutust. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Þetta er eitthvað sem við þurfum að ráðast í mjög fljótt því þarna er hætt við að það fari að grafast úr hjólförnum og það auki skemmdirnar verulega.

Helgi Gíslason, framkvæmdastjóri Skógræktarfélags Reykjavíkur



að takast á við verkefnið segir hann að það þurfi þá einfaldlega að finna þann mannskap. Verkefnið geti ekki beðið.

Helgi segist þó ekki þora að segja til um það í krónum talið eða umfangi vinnu hversu stórt verkefnið er. „Við metum það og þegar það er búið þá sjáum við hvert tjónið er,“ segir hann. Helgi segir að Skógræktarfélagið hafi nú þegar falið lögmanni sínum að kæra málið og gera bótakröfu vegna þeirra skemmda sem orðið hafa. Hann segist ekki kannast við að áður hafi verið ekið upp í hliðar Esjunnar. „Þetta er óvenjulegt enda held ég að allir hafi verið frekar hissa yfir þessu máli. Þetta er svona með því undarlegu,“ segir hann.

jonhakon@frettabladid.is

Gæði og glæsileiki
endalaust úrval af hágæða flísum

Flísabúðin
Stórhöfða 21 | s. 545 5500 | flis.is

Finndu okkur á Facebook



TOYOTA

ALWAYS A
BETTER WAY

LAND CRUISER

LÁTTU HEILLAST



Verð frá 8.110.000 kr.

Land Cruiser 150 er margrómuð blanda glæsileika og krafts. Ekkert fær hann stöðvað enda gæddur óviðjafnanlegum aksturseginnleikum og ríkulegum staðalbúnaði. Þegar þér eru allir vegir færir eru möguleikarnir óteljandi. Ekki láta það frelsi fara til spillis.

Kynntu þér Toyota FLEX, nýja leið til að eignast Toyota bifreið, á www.toyota.is

VILDARPUNKTAR ICELANDAIR MEÐ ÖLLUM NÝJUM TOYOTUM



Toyota Kaupúni
Kaupúni 6
Garðabæ
Sími: 570-5070

Toyota Akureyri
Baldursnesi 1
Akureyri
Sími: 460-4300

Toyota Reykjanesbæ
Njarðarbraut 19
Reykjanesbæ
Sími: 420-6600

Toyota Selfossi
Fossnesi 14
Selfossi
Sími: 480-8000

Sjá nánar um Vildarpunktasöfnun á www.toyota.is
Bíllinn í þessari auglýsingu endurspeglar ekki endilega það verð og þann búnað sem tilgreindur er.
Allar upplýsingar eru birtar með fyrirvara um villur.

Innheimta bílastæða- og atvinnuleyfagjöld í Vatnajökulspjóðgarði

STJÓRNSÝSLA Frá og með 9. ágúst næstkomandi mun Vatnajökulspjóðgarður innheimta gjald fyrir skráðar bifreiðar og bifhjól sem koma í Skaftafell. Gjaldið fyrir venjulegan fólksbíl verður 600 krónur fyrir sólarhringinn.

Notað verður sjálfvirkt myndavélakerfi frá fyrirtækinu ComputerVision ehf. Mun það nema skráningarnúmer ökutækja og stofna kröfu í þar til gerðu smáforriti í snjallsíma þess sem skráður

er fyrir tækinu. Verði sú krafa ekki greidd stofnast krafa í heimabanka.

„Það er tekin mynd á leiðinni inn og aftur á leið út. Engar myndir eru geymdar nema rétt á meðan farartæki eru inni á svæðinu,“ segir Þórður H. Ólafsson, framkvæmdastjóri Vatnajökulspjóðgarðs.

Þórður segir að samningurinn við ComputerVision hafi farið í gegnum verðkönnun hjá Ríkiskaupum. Sá er til eins árs og tekur fyrirtækið prósentu af þeim gjöldum sem inn

600

krónur mun kosta fyrir venjulegan fólksbíl. Helmingi lægra gjald er fyrir mótorhjól.



Þórður Ólafsson, framkvæmdastjóri Vatnajökulspjóðgarðs

koma. Áætlað er að upphæðin sem innheimtist komi til með að hlaupa á tugum milljóna.

Gjaldtakan var innleidd með reglugerð sem sett var um miðjan

síðasta mánuð. Auk þess að heimila gjaldtöku fyrir notkun bílastæða hækkar gjaldskráin fyrir aðra þjónustu á svæðinu. Þar má nefna tjaldgistingu, gistingu í skála og sérstæka þjónustu sem felur í sér sérstakt vinnuframlag af hálfu starfsmanna. Hið síðastnefnda hækkar um 60 prósent og verður 16 þúsund fyrir klukkustundina.

Þá verður nú heimilt að rukka fyrir útgáfu atvinnuleyfa í þjóðgarðinum, alls 25 þúsund krónur. –jóe



Viðar Már Friðfinnsson ásamt verjanda sínum. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Áfrýja til Hæstaréttar

DÓMSMÁL Ríkissaksóknari hefur áfrýjað niðurstöðu Héraðsdóms Reykjavíkur í máli gegn Viðari Má Friðfinnssyni, eiganda kampavinsklúbbsins sáluga Strawberries.

Í maí síðastliðnum var Viðar Már dæmdur í árs fangelsi fyrir meiriháttar skattalagabrot og honum gert að greiða 242 milljóna króna sekt í ríkissjóð. Hins vegar var hann sýknaður af ákæru um bókhaldsbrot auk þess sem kröfu um upptöku á eignum hans og félagi í hans eigu var hafnað. Eignir hans voru kyrrsettar á meðan á rannsókn og rekstri málsins stóð.

Í svari Helga Magnúsar Gunnarssonar vararíkissaksóknara við fyrirspurn Fréttablaðsins segir að málinu sé áfrýjað í því skyni að ákærði verði dæmdur til frekari refsingar. Þá fer ákærvaldið fram á að niðurstöðu héraðsdóms um upptöku eigna Viðars og félagi hans verði snúið í Hæstarétti. –jóe

LEIÐRÉTTING

Röng dagskrá á Flúðum

Í frétt gærdagsins um dagskrá um verslunarmannahelgina birtist fyrir mistök dagskráin á Flúðum eins og hún var í fyrra. Hún var auðvitað röng. Í ár verður dagskráin glæsileg, tónleikar með Todmobile, skemmtikvöld og uppistand, frábær barnadagskrá og fleira.

Ráðuneyti segja pass við leit að fjársjóði í skipsflaki úr stríðinu

Þar sem ekki er um vísindarannsókn að ræða tekur utanríkisráðuneytið ekki afstöðu til þess hvort leita megi verðmæta í flaki þýska skipsins Minden. Dómsmálaráðuneytið svarar ekki spurningum um málið. Breska fyrirtækið Advanced Marine Services Ltd. leitar að milljarða fjársjóði sem á að vera um borð.

STJÓRNSÝSLA Hvorki utanríkisráðuneytið né dómsmálaráðuneytið vilja svara spurningum Fréttablaðsins varðandi fjársjóðsleit breska fyrirtækisins Advanced Marine Services Ltd. í flaki SS Minden sem hvílir á hafsbotni 120 mílur suðaustur af landinu.

„Samkvæmt forsetaúrskurði um skiptingu stjórnarmálefna í Stjórnarráði Íslands nr. 15/2017 fer utanríkisráðuneytið ekki með málefni er varða eignarréttindi. Það fellur því ekki í hlut utanríkisráðuneytisins að taka afstöðu til þessa,“ segir í svari við þeirri spurningu hvort ráðuneytið telji vera rétt sem Advanced Marine Services Ltd. heldur fram í starfsleyfisumsókn sinni til Umhverfisstofnunar að enginn sérstakur eigi tillkall til flaks Minden og verðmæta í því. Er þetta einnig svar við þeirri spurningu hvort ráðuneytið telji íslenska ríkið eða einhvern annan tiltekinn aðila eiga tillkall til flaksins og innihalds þess.

Utanríkisráðuneytið er einn þeirra aðila sem Umhverfisstofnun leitaði umsagnar hjá vegna umsóknar AMS um leyfi til að skera gat á Minden þar sem það liggur á meira en 2,2 kílómetra dýpi og sækja þangað skáp eða kistu sem fyrirtækið segist telja innihalda verðmæta málma. Í umsögn sinni vísar ráðuneytið til þess að í 9. grein laga um landhelgi, efnahagslögsögu og landgrunn Íslands segi að vísindarannsóknar á þeim svæðum séu háðar samþykki stjórnvalda. Sækja ber um leyfi til utanríkisráðuneytisins.

„Miðað við þær upplýsingar sem



Norska skipið Seabed Constructor var leigt til leitar að Minden í apríl en var stöðvað af Landhelgisgæslunni. MYND/LHG

koma fram í umsóknargögnum Advanced Marine Services Limited, og fylgdu erindi Umhverfisstofnunar til ráðuneytisins, telur ráðuneytið að sú framkvæmd sem þar er lýst falli ein og sér ekki undir ákvæði 9. greinar og því þurfi ekki að sækja um leyfi til ráðuneytisins fyrir henni,“ segir utanríkisráðuneytið í svarinu til Umhverfisstofnunar.

Varðandi fyrrnefndar spurningar Fréttablaðsins og þá hvort einhverjir

Við sjáum ekki að borist hafi ósk frá Umhverfisstofnun um umsögn vegna málsins sem þú spyrd um og ráðuneytið tjáir sig þar af leiðandi ekki um málið.

Svar frá dómsmálaráðuneytinu

meinbugir séu á því að Advanced Marine Services Limited fá starfsleyfið segist dómsmálaráðuneytið ekki svara þeim. „Við sjáum ekki að borist hafi ósk frá Umhverfisstofnun um umsögn vegna málsins sem þú spyrd um og ráðuneytið tjáir sig þar af leiðandi ekki um málið,“ er svarið úr dómsmálaráðuneytinu.

Starfsleyfisumsókn AMS er enn til athugunar hjá Umhverfisstofnun. gar@frettabladid.is

Ray-Ban®

Sumartilboði á RayBan Pilot* lýkur sunnudaginn 6. ágúst.

Verð kr. 12.800

Optical Studio

SMÁRALIND • LEIFSSTÖÐ • KEFLAVÍK



KEFLAVÍKUR

Módel:
Andrea Stefánsdóttir

* Ray Ban 3025
LO205 G15



Nýtt

Nú tvær nýjar tegundir!

GRILL- MATURINN ELSKAR

Pykkvabæjar

Nýtt



Sjónvarpsdreifikerfi
fyrir hótél, gistiheimili og skip.

ÖREIND – Tengir þig við framtíðina!

Auðbrekku 3 • Kópavogur • s. 564 1660
oreind@oreind.is • www.oreind.is

sart SAMTÖK
RAFVERKTAKA

SUMARSALA 😊

34% AFSLÁTTUR

Kailber Ferðagasgrill
2x2,5KW brennarar, grillflötur
196 cm², 5KW, vagn fylgir
Áður kr. 29.980
19.787

Flott í ferðalagið

Kaliber
PREMIUM GRILL

Kailber KG-2 Gasgrill
4x3,5KW brennarar, grillflötur
303,6 cm², 14KW
Áður kr. 52.880
39.660

25% AFSLÁTTUR

MÚRBÚÐIN
Sími 412 2500 - sala@murbudin.is - www.murbudin.is

Kletthálsi Reykjavík
Reykjanesbæ

Hugleiðslunámskeið
Dagana 11.—13. Ágúst

í Skálholti

Dagskrá: Föstudagur mæting kl 19.00. Húsið opnar kl 5 komum okkur fyrir—Te og Kaffi Kynnum okkur og förum í gegnum flæðið um helgina. Hugleiðsla og slökun—Nótt Laugardagumorgun—: grautur, súrmjólk brauð og álegg—kl 10.00 Spor 1.2.3. Give it up! - Hugleiðsla— matur— lasanga.

Kl 14:00 brain storm... Spor 4.5.6.7.8.9.—Clean it up! - kaffi & te—18.00.matur... Eitthvað létt...

Kl 20:00 hugleiðsla - Æðri Máttur...Kjörnun...slökun...Nótt

Sunnudagur. morgunmatur... Kl10:00 spor 10.11.12.—Live it up! Inn á milli tókum við á því sem kemur upp jafnóðum..... luv—Runni

Möguleiki á svetti á sunnud... eftirmiðdag.
6000kr í býli andans. Verð fyrir helgina 25.000kr

Runni Jónsson s: 0046705478704—
Magdalena Sigurðardóttir s: 8479333

Réttað yfir samsærismönnum



Réttarhöld hófust í gær yfir 350 hermönnum sem grunaðir eru um að hafa átt þátt í valdaránstílauninni í Tyrklandi 15. júlí í fyrra. Um 400 týndu lífinu í tilrauninni sem fór út um þúfur. Riflega átta þúsund hermenn voru handteknir auk þess sem tæplega 50 þúsund ríkisstarfsmenn voru reknir úr embætti grunaðir um að hafa stutt tilraunina. Kenningar eru uppi um að Erdogan forseti hafi skipulagt hana sjálfur. FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

Segir offramleiðslu á kindakjöti rót vandans

Prófessor í hagfræði við Háskóla Íslands vill stöðva gegndarlausu offramleiðslu á kindakjöti. Hann segir bændur verða að laga framleiðslu sína að markaðs-aðstæðum. Fara verði með kindakjötið á markaði þar sem varan er þekkt.

LANDBÚNAÐUR Gegndarlaus offramleiðsla á kindakjöti er rót þess vanda sem blasir við í sauðfjárbúskap, að mati Þórólfs Matthíassonar, prófessors í hagfræði við Háskóla Íslands. Hann segir bændur verða að minnka framleiðslu og laga hana að markaðinum í stað þess að seilast enn einu sinni í vasa skattborgara.

„Ég held að það sé kominn tími til þess að bændur setjist niður og horfi á raunveruleikann eins og hann blasir við, rétt eins og búskapurinn væri hver önnur atvinnugrein, og taki ákvarðanir út frá honum en ekki einhverri óskhyggju,“ segir Þórólfur í samtali við blaðið.

Líkt og Fréttablaðið fjallaði um í gær er útlit fyrir að birgðir af kindakjöti í landinu við upphafsláturtíðar í haust verði sjö hundruð til eitt þúsund tonn meiri en æskilegt væri. Um mitt þetta ár voru birgðirnar um 2.600 tonn sem er tæpum þrettán prósentum meira en á sama tíma í fyrra.

Innanlandssala hefur gengið vel en útflutningur dregist nokkuð saman. Samdrátturinn var 5,1 prósent í fyrra og 14,4 prósent árið þar áður. Er bændur uggandi yfir

Ég held að það sé kominn tími til þess að bændur setjist niður og horfi á raunveruleikann eins og hann blasir við.

Þórólfur Matthíasson, prófessor í hagfræði við Háskóla Íslands



staðið undir framleiðslukostnaði.

„En forysta bænda hefur aldrei verið tilbúin til þess að gera það,“ segir hann. Hún hafi frekar, svo dæmi séu tekin, leitað leiða til þess að seilast dýpra ofan í vasa skattborgara, svo sem til þess að greiða fyrir auknum útflutningi, og reynt að selja Bandaríkjamönnum, sem hafa aldrei borðað kindakjöt, slíkt kjöt.

„Ef menn telja sig vera með hágæðavöru í höndunum fara menn með þá vöru á markaði sem þekkja vöruna, til dæmis í Bretlandi, Frakklandi og að hluta til í Miðjarðarhafs-löndunum í tilviki lambakjötsins. Í staðinn hafa menn hins vegar verið að leika sér í New York.“

Þórólfur segir forystu bænda syngja sama sönginn á hverju einasta sumri. „Bændur stíga fram og segja að afurðaverðið á stöðvunum verði að hækka. En þá verður birgðavandi þeirra einungis enn þá meiri og þeir þurfa þá að borga enn meira með útflutningnum ef þeir ætla að flytja eitthvað út. Þeir lenda í þessum vonda spirál þar sem allt sem þeir gera eykur á vandann og enga leið er að finna út úr honum.“
kristinningi@frettabladid.is

mögulegri lækkun á afurðaverði í haust.

Þórólfur segir að framleiðsla á kindakjöti sé á milli þrjátíu til fimmtíu prósent umfram neyslu hér innanlands. Ekki fari á milli mála að of mikið sé framleitt af kjöti. Verkefnið sem bændur standi frammi fyrir sé að laga framleiðslugetuna að markaðinum miðað við það verð sem þeir þurfa að fá til þess að geta

VIÐ BREYTUM OG BÆTUM
Í KRINGLUNNI

ENN MEIRI AFSLÁTTUR
RÝMINGAR
SALA

40% AF FATNAÐI, **40%** AF LEIKFÖNGUM,
40% AF BÚSÁHÖLDUM, **30%** AF MATVÖRU,
30% AF SNYRTIVÖRU, **20%** ALLT ANNAÐ

AÐEINS Í KRINGUNNI
Tilboðin gilda eingöngu 2.-5.ágúst

HAGKAUP
Skemmtilegast að versla

ÚTILJÓS Í ÚRVALI

Ljós úr högg-
bolnu efni sem
er laust við ryð
og tæringu



2.950 kr.

ÚTILJÓS – LUCIA

Til í svörtu og hvítu

2.950 kr.

ÚTILJÓS – MADDI

Til í svörtu og hvítu



8.950 kr.

ÚTILJÓS – MARTA

Lýsir upp og niður
2 LED perur (4,5W) fylgja
Til í svörtu, hvítu og gráu

4.950 kr.

ÚTILJÓS – FRANCY

Lýsir upp og niður
Til í svörtu, hvítu og gráu



8.850 kr.

ÚTILJÓS – EXTRALETI ROUND

LED platti (3W) fylgir
Til í svörtu, hvítu og gráu

8.850 kr.

ÚTILJÓS – EXTRALETI SQUARE

LED platti (3W) fylgir
Til í svörtu, hvítu og gráu



OPIÐ

Mán. til fös. kl. 9–18
Laugard. kl. 10–16

RAFVÖRU MARKAÐURINN

við Fellsmúla | 108 Reykjavík | Fylgdu okkur á Facebook



Akranes á siglingu milli Akraness og Reykjavíkur. Niðurstöðu er að vænta í dag um hvort báturinn geti létt undir með Eyjamönnum. Bæjarstjórinn og þingmaður úr Eyjum eru ósáttir við Samgöngustofu. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

Sannfærður um að Akranes sigli til Eyja

Ekki tókst að taka ákvörðun um hvort báturinn Akranes megi sigla milli lands og Eyja í samgönguráðuneytinu í gær. Hún verður tekin í dag. Bæjarstjórinn segist ekki geta settið undir óvönduðum vinnubrögðum Samgöngustofu og hefur litlar áhyggjur af ákvörðuninni. Hún geti aðeins endað á einn veg.

STJÓRNSÝSLA „Þetta hefur eitthvað verið að þvælast fyrir þeim,“ segir Elliði Vignisson, bæjarstjóri í Vestmannaeyjum, en samgönguráðuneytið mun í dag ljúka ferjumálinu svokallaða. Fundað var í allan gærdag og byrjaði fundurinn um klukkan níu. Ekki tókst að ljúka fundinum með ákvörðun og verður hún tekin í dag.

Samgöngustofa hafnaði beiðni Eimskips um að sigla ferjunni Akranesi til Vestmannaeyja um verslunarmannahelgina. Ferjan hefur verið í tilraunasiglingum milli Akraness og Reykjavíkur, en sótt var um tímabundið leyfi fyrir breytingu á siglingum. Eftir að beiðninni var hafnað sendi Elliði stjórnsýslukæru vegna málsins til samgönguráðherra. Niðurstaða ráðuneytisins vegna hennar komi fyrr en í fyrsta lagi í dag.

„Ég er sannfærður um að þetta mál getur bara endað á einn veg,“ segir Elliði og bætir við að hann lesi lítið í langan fundartíma. „Við hljótum að gera þær kröfur til stjórnvalda, ekki bara til þessara eftirlitsstofnunar, heldur til allra stofnana að ákvarðanir séu teknar á málefnalegan máta og fólk hafi á tilfinningunni að réttvíni blasi við en ekki að geðþóttarök séu notuð eins og meint ástand á farþegum. Það hleypti verulega illu blóði í

Þetta snýst um að auka þjónustu fyrir gesti okkar og líka að við sem eyjasamfélag, sem á allt undir í samgöngum, sitjum ekki undir svona óvönduðum og geðþóttafullum ákvörðunum.

Elliði Vignisson, bæjarstjóri í Vestmannaeyjum



okkur að forstjóri Samgöngustofu (Þórólfur Árnason) skyldi leyfa sér það að segja svo. Við sem höfum sótt þjóðhátíð í hartnær hálfa öld, eins og ég hef gert, vitum að þjóðhátíð hefur breyst og ungt fólk í dag er langtum meira og betur til fyrirmyndar en kynslóð Þórólfs var og mín reyndar líka.“

Eins og sjá má í svari Páls Magnússonar þingmanns finnst honum

rökstuðningur Samgöngustofu vera fullur af innbyrðis mótsögnum og óskiljanlegur í samhengi hlutanna. Elliði tekur undir þessi orð. „Mér finnst þessi eftirlitsstofnun í þessu máli hafa farið algjörlega framúr sér. Það er hreint óþægilegt fyrir okkur sem eigum svona mikið undir í samgöngum að geta ekki gengið að þessu kerfi sem sanngjarnara og vandaðra.“

Eimskip sótti um leyfið fyrir um mánuði og Vestmannaeyjabær kom inn í ferlið á síðari stigum. „Þetta er svo mikilvægt fyrir okkur að við verðum að verja hagsmuni okkar og munum gera það eins lengi og þurfa þykir,“ segir Elliði. Aðspurður hvað gerist ef ákvörðun ráðuneytisins verður neikvæð segir hann að það séu fleiri fyrirtæki í útsýnissiglingum á Íslandi. „Við munum klárlega hvetja alla til að leita fyrir sér með flutninga- og farþega- og útsýnissiglingu í kringum Vestmannaeyjar.“

Hann segir að þetta snúist ekki aðeins um að gera þjóðhátíð sem stærsta og mesta. Hún verði alltaf glæsileg og verði eftir í minningum fólks ár eftir ár. „Þetta snýst um að auka þjónustu fyrir gesti okkar og líka að við sem eyjasamfélag, sem á allt undir í samgöngum, sitjum ekki undir svona óvönduðum og geðþóttafullum ákvörðunum.“

benediktboas@365.is

Niðurstaða Samgöngustofu óboðleg

STJÓRNSÝSLA „Mér finnst niðurstaða Samgöngustofu í þessu máli og rökstuðningurinn með henni vera full af innbyrðis mótsögnum, vera ómálefnaleg og óskiljanleg í samhengi hlutanna,“ segir Páll Magnússon, Eyjamaður og þingmaður Sjálfstæðisflokksins um ferjumálið svokallaða sem leitt verður til lykta í dag.

Páll segir að sótt sé um siglingar á sama hafsvæði og fékkst vegna siglinga milli Reykjavíkur og Akraness.

Það er sigling á hafsvæði C. Niðurstaðan sé því óásættanleg.

Mér finnst niðurstaða Samgöngustofu í þessu máli og rökstuðningurinn með henni vera full af innbyrðis mótsögnum, vera ómálefnaleg og óskiljanleg í samhengi hlutanna.

Páll Magnússon, þingmaður



„Hún er í engu samræmi við það leyfi sem ferjan fékk til að sigla á leiðinni Reykjavík – Akranes og þessi málsmeðferð Samgöngustofu er því óboðleg.“

Ög ég vona því að þessi stjórnsýslukæra sem nú er til meðferðar leiði til annarrar niðurstöðu en Samgöngustofa komst að,“ segir Páll.

Hann bætir við að fyrir utan að niðurstaðan sé óskiljanleg sé hún stórskadleg fyrir þá aðila sem hafa af því mikla hagsmuni að fólksflutningar til og frá þessari hátíð gangi hratt og vel fyrir sig. – jhh

Ford

EDGE



#MASSAÐASTUR

Ford Edge er sterkur, stæðilegur og gríðarlega rúmgóður jeppi. Stærstur í sínum flokki með 20 cm veghæð og einstaka dráttargetu eða 2.000 kg. Hann er meðal annars búinn Bluetooth, leiðsögukerfi, 8" snertiskjá með bakkmyndavél, upphitanlegri framrúðu og stýri, öryggisbúnaði eins og árekstrarvörn, veltivörn og veglínuskynjara. Þú nýtur þess að ferðast hvert á land sem er í Edge.

FORD EDGE AWD SJÁLFSKIPTUR FRÁ:

7.190.000 KR.



Ford er frábær!
Komdu, reynsluaktu og upplifðu Ford Edge

ford.is



Öruggur staður til að vera á

Brimborg Reykjavík
Bildshöfða 6
Sími 515 7000

Brimborg Akureyri
Tryggvabraut 5
Sími 515 7050

Nýir og notaðir bílar:
Söludeildir eru opnar alla virka daga kl. 9-17
Lokað á laugardögum í sumar

Ástand heimsins



1 Hitabylgja er þessa dagana í Tækklandi og fer hitinn í Prag upp í allt að 38 stig. Talið er líklegt að hitamet verði slegin. Á sama tíma er þó vissulega til efni til að skella sér í sólbað.

2 Svisslendingar fögnuðu í fyrrinótt, aðfaranótt þjóðhátiðardagsins sem er 1. ágúst. Flugeldasýning vakti ánægju viðstaddra.

3 Shahid Abbasi (t.v.) tekur í hönd leiðtoga stjórnarandstöðunnar eftir að hann tók við sem forsætisráðherra. Forveri hans, Nawaz Sharif, dró sig í hlé vegna rannsóknar á veru hans í Panamaskjölunum.

4 Mike Pence, varaforseti Bandaríkjanna, og Karen Pence, eiginkona hans, heimsóttu herstöð í Tibilísi í Georgíu í gær. Þau veifuðu bæði til hermanna og ljósmyndara þegar þau komu á staðinn.

5 Í skemmtigarðinum Loro Pargue á Tenerife eru ræktadír þúsundir páfagauka sem verið er að reyna að forða frá útrýmingarhættu. Þessi ungi kom úr eggi í garðinum og mun vonandi vaxa og dafna vel.

FRÉTTABLAÐIÐ/EPA



HONDA
The Power of Dreams

Sparnaðarsnilli

- já og miklu meira



Sjálfskiptur Honda Jazz
frá kr. **2.740.000**



www.honda.is

Þessi Jazz þýðir meira. Meira líf, meiri lipurð, meiri tækni til að njóta, meira öryggi, meiri sparneytni, meira rými fyrir sköpun. Fleiri tækifæri fyrir þig til að leika af fingrum fram. **Já, allt þetta og meira til.**

Honda Jazz - vertu meira til.



Vatnagördum 24-26 • 104 Reykjavík • Sími 520 1100 • www.bernhard.is

Umboðsaðilar: Bernhard, Reykjanesbæ • Bílver, Akranesi • Höldur, Akureyri • Bragginn, Vestmannaeyjum

Hlutabréf Icelandair lækkað um 40%

VIÐSKIPTI Gengi hlutabréfa í Icelandair Group hefur lækkað um fjórtíu prósent í verði það sem af er ári. Bréfin féllu um 3,3 prósent í verði í rúmlega 560 milljóna króna viðskiptum í gær, en alls hefur gengi bréfanna fallið um tæp sextán prósent síðustu sjö daga.

Eftir miklar hækkanir á hlutabréfaverði félagsins á árunum 2010 til 2016, þar sem bréfin meira en tífölduðust í verði, hefur farið að síga á ógæfuhliðina hjá félaginu. Hafa bréfin lækkað um 37 prósent í verði eftir að félagið birti kolsvarta afkomuviðvörðun í byrjun febrúar-mánaðar þar sem varað var við því að EBITDA-hagnaður – afkoma fyrir fjármagnslíði, skatta og afskriftir – myndi dragast saman um þrjátíu prósent á árinu.

Félagið birti uppgjör fyrir annan fjórðung ársins í lok síðustu viku, en afkoma félagsins dróst saman um 57 prósent á milli ára, aðallega vegna lægri meðalfargjalda og neikvæðra gengisáhrifa vegna styrkingar krónunnar.

– kj

**Björgólfur
Jóhannsson, for-
stjóri Icelandair**



Andstæðingar Nicolás Maduro fjarlægðir af heimilum sínum

Borgarstjóri Caracas og stofnandi stærsta stjórnarandstöðuflokks Venesúela voru numdir brott af heimilum sínum í gær. Mennirnir höfðu hvatt kjósendur til að sniðganga kosninguna. Ástandið í landinu er eldfimt eftir stjórnlagabingskosningarnar um helgina. Alþjóðasamfélagið hefur fordæmt framgöngu stjórnvalda.

VENESÚELA Tveir helstu andstæðingar stjórnar Nicolás Maduro, forseta Venesúela, voru handteknir á heimilum sínum í gær. Mennirnir tveir höfðu verið í stofufangelsi frá árinu 2015.

Mennirnir sem um ræðir eru Leopoldo Lopéz, stofnandi Vilja fólksins stærsta stjórnarandstöðuflokks landsins, og Antonio Ledesma, borgarstjóri höfuðborgarinnar Caracas. Sá síðarnefndi var handtekinn í febrúar 2015 sakaður um að skipuleggja byltingu. Lopéz hlaut dóm í september sama ár fyrir að hvetja til ofbeldis gagnvart stjórnvöldum.

Leyniþjónusta landsins réðst til atlögu inn á heimili manna á nóttu til og fjarlægðir þá. Í yfirlýsingu frá hæstarétti landsins, sem sagður er undir hæl forsetans, segir að vísbendingar hafi komið fram um að þeir hafi ætlað að flýja úr stofufangelsinu. Því hafi verið gripið til þessa ráðs.

Handtökurnar áttu sér stað tveimur dögum eftir að kosið var til stjórnlagabings landsins. Slíkt var síðast gert árið 1999 í forsetatíð Hugos Chavez. Tilkynnt var um kosninguna á verkalyðsdaginn og



Leopoldo Lopéz ávarpar stuðningsfólk sitt yfir girðingu á heimili sínu í aðdraganda kosninganna. Það færði honum fangelsisvist. FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

sagði forsetinn að markmiðið væri að friða stríðandi fylkingar.

Stjórnarandstæðingar höfnuðu því að taka þátt og sökuðu stjórnina um að kaupa sér gálgafrest. Borgarstjórnarkosningar voru fyrirhugaðar í landinu í ár og forsetakosningar að ári en næsta víst er talið að þeim verði slegið á frest til að gefa

stjórnlagabingsmönnum vinnufrið. Sem stendur er aðeins einn af hverjum fimm íbúum ánægður með stjórnvöld eftir að hafa horft upp á hugmyndafræðilegt og efnahagslegt þrot hennar.

Auk þess að tefla ekki fram neinum frambjóðendum hvöttu andstæðingar Maduros fólk til að

» **Mótmæli og óeirðir hafa verið nær daglegt brauð í landinu undanfarið ár. Átökin sem brutust út á kjördag og meðan úrslita var beðið voru þau mannskæðustu hingað til.**

halda sig heima á kjördag. Ledesma og Lopéz voru þeirra á meðal en þeir gerðu það með því að setja myndbönd á YouTube. Lopez biðlaði til fólks að halda áfram að mótmæla stjórninni og framgöngu hersins en Ledesma kallaði kosninguna svindl.

Mótmæli og óeirðir hafa verið nær daglegt brauð í landinu undanfarið ár. Átökin sem brutust út á kjördag og meðan úrslita var beðið voru þau mannskæðustu hingað til en tíu manns lágu í valnum í lok dags.

Ríki víða um heim hafa fordæmt kosninguna og framgöngu stjórnvalda í kringum hana. Bandaríkin gripu meðal annars til þess ráðs að frysta eignir forseta landsins. Ekkert útlit er fyrir að landið, sem er ríkt af auðlindum, muni komast á réttan kjöl í bráð. johannoli@frettabladid.is

Volkswagen Caddy Beach

GÓÐUR FERÐAFÉLAGI

Fimm manna fjölskyldubíllinn Volkswagen Caddy Beach býður upp á allt sem þarf fyrir ferðalagið.


Caddy Beach verður að litlu sumarhúsi með 2,3 m x 2,9 m fortjaldi sem fest er á afturhlerann, klappstólum, borði og loftunaropi á rennihurð. Hver einasti dagur er dásamleg upplifun, hvar sem þú ert.

Kynningarverð **3.990.000 kr.**

Verðlistaverð 4.670.000 kr.

- Svefnaðstaða fyrir 2
- Fellanleg borð og stólar
- Geymsluhólf
- Fortjald og gluggatjöld
- Kælir og vasaljós
- Leðurklætt aðgerðastýri
- Margmiðlunartæki m. snertiskjá
- Bluetooth
- Hraðastillir

Til afhendingar strax!



Volkswagen

Við látum framtíðina rætast.

www.volkswagen.is



HEKLA · Laugavegi 170-174 · Reykjavík · sími 590 5000 · hekla.is · umboðsmenn um land allt:
Höldur Akureyri · Bílasala Selfoss · Bílas Akranesi · HEKLA Reykjanesbæ

ÚTSALAN! ER HAFIN!

HEIMILISTÆKI · ÞVOTTAVÉLAR · KÆLISKÁPAR · UPPÞVOTTAVÉLAR
SJÓNVÖRP · HLJÓMTÆKI OG SVO MARGT FLEIRA!

BETRA BORGAR SIG

Opið virka daga 10 -18



RAFLAND

Síðumúla 2-4 | 520 7900 | rafland.is

2.698
kr./kg



ÚR
KJÖTBORÐI

LAMBAINNRÁLÆRI
verð áður 3.598 kr./kg

1.598
kr./kg



ÚR
KJÖTBORÐI

SVÍNALUNDIR
verð áður 2.198 kr./kg

1.498
kr./kg



FK KRYDDAÐAR GRÍSAKÓTILETTUR

1.698
kr./kg



ALI GRÍSA FILLE KRYDDAÐ

3.698
kr./kg



ÚR
KJÖTBORÐI

NAUTA T-BONE
verð áður 4.298 kr./kg

1.298
kr./kg



ÚR
KJÖTBORÐI

SVÍNAHNAKKI ÚRB.
verð áður 1.798 kr./kg

2.328
kr./kg



ALI KJÚKLINGABRINGUR M/SUÐRÆNUM ÁVÖXTUM
EÐA HICKORY PIPAR

2.328
kr./kg



558
kr./pk.



HAMBORGARAR 115G 2 STK. Í PK.
verð áður 620 kr./pk.

298
kr.



MYLLU KLEINUR

148
kr./kg



BÖKUNARKARTÖFLUR

398
kr.



COKE 6X330ML EÐA COKE ZERO

398
kr.

1.598
kr./kg



LAMBALÆRISNEIÐAR SIRLOIN
verð áður 1.889 kr./kg

1.598
kr./kg



LAMBALÆRISNEIÐAR VILLIKRYDDAÐAR
verð áður 1.889 kr./kg

468
kr.



PIK-NIK STRÁ 255G

378
kr./pk.



OREO HJÚPAÐ MEÐ MJÓKURSÚKKULAÐI EÐA HVÍTU SÚKKULAÐI

333
kr./pk.



LE PETIT ÉCOLIER MJÓLKURSÚKKULAÐI EÐA DÖKKT SÚKKULAÐI



- Tilvalið gjafakort

OPÍÐ mánudaga - miðvikudaga frá 09:00 - 18:00 / fimmtudaga 09:00 - 18:30
föstudaga 09:00 - 19:00 / laugardaga 10:00 - 16:00 / lokað sunnudaga. www.fjardarkaup.is

298 kr.



DJÚPUR

298 kr.



STERKUR DJÚPUR

378 kr.



HRÍS M/KARAMELLU 200G

298 kr.



FELIX SYKURMINNI TÓMATSÓSA

295 kr.

FELIX STEVIA TÓMATSÓSA

258 kr.



SINNEP SÆTT

276 kr.

SINNEP STERKT

998 kr.



SUMAROSTAÐRENNNA

298 kr.



LAKKRÍS SPYRNUR

318 kr.



RÍSKUBBAR MED SALT KARAMELLU

109 kr.



CRONIONS STEIKTUR LAUKUR

298 kr.



FRÓN GRÓFT MJÓLKURKEX EÐA MJÓLKURKEX

266 kr.

KREM KEX 260G

298 kr.

FJARDARKAUP FYRIR VERSLUNAR- MANNANHELGINA

998 kr.



SUMAROSTAKAKA MED SÍTRÓNUM

354 kr.



CARMEL WAFER

298 kr./pk.



MINI MUFFINS SÚKKULAÐI, MARMARA EÐA SÚKKULAÐIBITA

98 kr./stk.



PEPSI COLA 1L EÐA PEPSI MAX 1L

898 kr./fatan



BLÁBER Í FÖTU 500G

498 kr./boxið

DRISCOLL JARÐABER 400G

frá 1.158 kr./pk.



20% VERÐLÆKKUN Á REAL PURRMATUR
verð áður frá 1.448 kr./pk.

LOKAÐ LAUGARDAG, SUNNUDAG OG MÁNUDAG
VEGNA VERSLUNARMANNANHELGAR

FK

FJARDARKAUP

Ekkert að fara



Magnús Guðmundsson
magnus@frettabladid.is

Ef það er eitthvað sem einkennir íslensk stjórnsmál öðru fremur þá er það að láta mál reka á reiðanum þar til allt er komið í öefni. Vandinn er hins vegar sá að samfélagið liður oftar en ekki fyrir þetta vegna þess að vandamálin vaxa, hvers eðlis sem þau eru, á meðan ekkert er gert. Afleiðingarnar geta til dæmis verið efnahagshrun sem skaðar allt samfélagið en þær geta líka verið einstaklingsbundnar þó svo við sem samfélag hefðum átt að geta komið í veg fyrir skaðann. Komið í veg fyrir að manneskja sitji eftir með djúp sár sem gróa seint og illa en eru af einhvers annars völdum. Sár af völdum kynferðisofbeldis er eitt skýrasta dæmið um þetta og þó svo viðkomandi ofbeldismanni sé refsad þá er vandamálið ekki að fara neitt. Sársauki þolandans er enn til staðar.

Sigrún Sigurðardóttir, lektor í hjúkrunarfræði við Háskólann á Akureyri, varði fyrir í sumar doktorsritgerð þar sem hún sýnir fram á mikilvægi þess að þolendur kynferðisofbeldis fái viðeigandi meðhöndlun. En þannig er það ekki í dag. Vanda þessara einstaklinga er ýtt út úr kerfinu þar til einkenni vandamála koma í ljós en þau geta verið með ýmsum hætti. Konum er hættara við líkamlegum kvillum og það jafnvel mjög alvarlegum en drengjum er hættara við að leiðast út í áfengis- og fíkniefnaneyslu og afbrot. Þetta er auðvitað ekki algild skipting heldur geta öll þessi mein hrjád þolendur af báðum kynjum en það sem er sláandi við niðurstöður Sigrúnar er að með viðeigandi meðferð hefði mögulega verið hægt að koma í veg fyrir þessi skelfilegu einkenni. En við sem samfélag meðhöndlum ekki afleiðingar ofbeldisins heldur einkennin og því fer sem fer. Sigrún er reyndar einn af stofnendum Gæfuspóra, meðferðarúrræðis fyrir þolendur ofbeldis, en starfsemin er alfarið háð styrkjum og mikið vantar upp á að allir sem á þurfa að halda fái þjónustu.

Ríkisvaldið, fulltrúi samfélagsins, hefur nefnilega þann háttinn á að ýta vandanum á undan sér og margfalda þannig afleiðingarnar. Nú stendur ríkisvaldið líka frammi fyrir þeim vanda að konur sem voru barnungar beittar kynferðislegu ofbeldi ætla ekki að setta sig við að ríkisvaldið þurrki sögu þeirra út. Ákveði fyrir þeirra hönd að það sé eins og það hafi aldrei gerst. Réttmætt andóf þessara kvenna og aðstandenda þeirra virðist vera vandamál fyrir ríkisvaldið. Vandamál fyrir Bjarna Benediktsson sem sat á ráðherra stóli og skrifaði upp á að Robert Downey, maðurinn sem braut svo gróflega gegn þessum stúlkum, fengi uppreist æru. Bjarni virðist ætla að hafa íslenska háttinn á og biða af sér storminn og vona að raddirnar þagni. En það er einungis rétt að benda á að það leynir sér ekki að þetta er vandamál sem er ekki að fara að gufa upp, þvert á móti vex það með degi hverjum. Því þau sem kalla eftir gagnsæi, ábyrgð, réttlæti og breytingum til hins betra eru ekki rekin áfram af pólitískum metnaði eða sérhagsmunum, heldur af kærleika og vilja til þess að bæta samfélagið. Það er afl sem enginn getur beðið af sér.



Því þau sem kalla eftir gagnsæi, ábyrgð, réttlæti og breytingum til hins betra eru ekki rekin áfram af pólitískum metnaði eða sérhagsmunum, heldur af kærleika og vilja til þess að bæta samfélagið.

Halldór



Frá degi til dags

Besti maðurinn

Kjarninn birti í gær frétt um væntanlega skýrslu um neyðarlán Kaupþings og deildi Þórður Snær Júlíusson, ritstjóri miðilsins, fréttinni á Facebook-síðu sinni. Þór Saari, varapingmaður Pírata og bankaráðsmaður í Seðlabankanum, blandaði sér í umræðuna og rekur þar óstaðfesta gróusögu um tilkomu lánsins. Þór var kjörinn í ráðið á vormánuðum og sagði við það tilfelli að „[varla fengist meiri fagmáður] í bankaráð Seðlabankans“ en hann sjálfur. Deila má um hvort það sé faglegt af bankaráðsmanni að deila sögusögnum sem óvist er hvort nokkur fótur sé fyrir.

Svo bregðast krosstré Jón Steinar Gunnlaugsson og Hannes Hólmsteinn Gissurarson standa nú í ritdeilu um ágæti neyðarlaganna. Skoðun Jóns Steinars hefur legið fyrir frá því að reynt var á lögmæti laganna fyrir Hæstarétti en hann taldi þau ólögmæta eignaupptöku. Hannes er hins vegar á öðru máli. Þeir tveir hafa oft verið næsta samstiga í pólitíkinni og deilan því nokkuð óvenjuleg, jafnvel útilokuð hefðu einhverjir sagt fyrir nokkrum árum. Fólk ætti því að hafa augun opin fyrir froskaregni, tönnum í hænugoggum og sigri Íslands í Eurovision á næstu dögum og vikum. joli@365.is

Haustverkin



Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir sjávarútvegs- og landbúnaðar- ráðherra



Síðast en ekki síst verður skerpt á umhverfi fiskeldis með það að leiðarljósi að byggja enn frekar upp þessa mikilvægu atvinnugrein án þess að allt verði brjáláð.

Á meðan tímarnir breytast og mennirnir með þá er stundum eins og stjórnsmálin og stjórn-sýslan lúti öðrum lögmálum. Það þarf ekki endilega að vera slæmt en í flestum tilfellum er þó betra að þessir hlutir haldist í hendur. Í sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytinu hefur mikil framþróun átt sér stað á undanförmum árum á ýmsum sviðum en annað setið á hakanum. Í haust verður lagt kapp á að bæta úr nokkrum af þessum þáttum, bæði í landbúnaði og sjávarútvegi.

Ýmis stór mál eru í vinnslu, bæði á vettvangi endurskoðunarnefndar búvörusamninga og sáttanefndar í sjávarútvegi. Önnur mál en ekki síður mikilvæg eru langt komin í meðförum ráðuneytisins. Þessa stundina er til að mynda unnið hörðum höndum að lausn á vanda sauðfjár-bænda sem sjá fram á erfiða tíma í haust af ýmsum ástæðum. Mikilvægt er að sú lausn bæti annmarka núverandi kerfis í stað að festa þá enn frekar í sessi. Sama gildir um tillögur að breytingum á úthlutun byggðakvóta þar sem lögð er áhersla á meiri sveigjanleika og fyrirsjáanleika fyrir sveitarfélög vítt og breitt um landið. Breytingar á samkeppnis-stöðu mjólkuriðnaðarins eru einnig fyrirhugaðar sem og nýtt fyrirkomulag á úthlutun tollkvóta. Síðast en ekki síst verður skerpt á umhverfi fiskeldis með það að leiðarljósi að byggja enn frekar upp þessa mikilvægu atvinnugrein án þess að allt verði brjáláð. Með öðrum orðum, að ná jafnvægi milli nýtingar og verndar.

Íslenskur samtími er og á að vera kröfuharður. Á sama tíma og neytendur vilja frelsi í innkaupum og bændur sem aðrir atvinnurekendur frelsi til athafna þá takast á markaðs-, manneldis-, byggða-, og umhverfissjónarmið sem nauðsynlegt er fyrir stjórnvöld hverju sinni að taka tillit til. Ísland er umhverfisvænt matvæland með heilnæmi og ferskleika sem sitt aðalmerki. Haustverkin sem fram undan eru verða vonandi til þess fallin að svo megi verða áfram, íslenskri matvælaframleiðslu og almenningi til heilla.



(*Míðað við 12 mánaða vaxtaláusan raðgreiðslusamning með 3,5% lántökugjaldi og 405 kr. greiðslugjaldi)

ARQHIII 210617

ERGOMOTION E40+

TILBODSVERÐ ADEINS 24.746 KR. Á MÁNUÐI*

á meðan birgðir endast- vaxtalaust og fyrsta greiðsla í október 2017.

STAÐGREITT 282.217 KR.

rekkjan

HEILSURÚM

Lífið er Línudans – Um flutningskerfi sæstrengs



Magnús Rannver Rafnsson höfundur er verkfræðingur og starfar að nýsköpun í verkfræði

Nýleg heimildarmynd um flutningskerfi raforku ber nafnið Línudans. Myndin er merki um djúpstæða ósátt um raforkukerfin. Lágur rafmagns- og upphitunarkostnaður hefur lengi verið lykilkáttur í íslensku velferðarsamfélagi og veitt okkur friðindi sem aðrar þjóðir ekki hafa í sama mæli, s.s. sundlaugar, heita potta og hálkubræðandi gangstétir. En nú eru blikur á lofti.

Hagsmunaöfl á orkusviði eru að öðlast slík völd í samfélaginu að rökrétt er að ætla þessa tíma senn liðna. Sérmenntað fólk í lykilstöðum þiggur greiðslur og verkefni fyrir að ryðja hindrunum úr vegi í þágu sérhagsmunaaflla. Sérfræðingarnir starfa undir merkjum laga-bálka, sem þeir hanna, skrifa og túlka sjálfir eftir pöntuðum hagsmunum útvalinna. Kallast tengslanet, en eru sérhagsmunasamtök fárra, starfrækt á kostnað annarra; íslensks almennings. Engin merki eru um að þessum öflum verði veitt viðnám í bráð.

Sæstrengur gæti orðið næsta ógn í röð ógna við íslenska velferð. Þungi áróðursins vex og aukin áhersla á meinta nauðsynlega lagasetningu sem ætlað er að tryggja raforkuflutning – og ryðja fyrirstöðunni (fólkinu) úr vegi – er áberandi. Sæstrengur ekki á dagskrá? Áætlanir orkufyrirtækja benda til annars. Hundrad milljarða uppbygging flutningskerfa raforku virðist hafa einn megintilgang; að tryggja fæðingu sæstrengs. Hnökralaus fæðing slíks ofurmannvirkis – lengsta og dýrasta sæstrengs heims – er grunnforsonda fjárfestingarinnar. Án hennar verður enginn sæstrengur. Hvort íslenskir eða erlendir aðilar greiði fyrir sæstreng skiptir líklegast ekki máli, íslenskur almenningur mun þurfa að greiða fyrir 100 milljarða flutningskerfi. Einhver mun þurfa að greiða fyrir 800 milljarða sæstreng. Orkuverð mun hækka.

Samkvæmt skýrslu verkefnisstjórnar sæstrengs til atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytisins mun orkuverð hækka um „fimm til tíu prósent“. Skoðum það; 100 milljarða flutningskerfi, lengsti sæstrengur heims, alger óvissa, verðlag orku í Evrópu og sveiflur íslenskrar krónu. Fráleitar getgátur. Verkefnisstjórn fjögurra einstaklinga skipa meðal annars Ragna Árnadóttir, aðstoðarforstjóri Landsvirkjunar, og Þórður Guðmundsson, fyrrverandi forstjóri Landsnets og nú starfsmaður AraEngineering. Stofnandi þess fyrirtækis og forstjóri er Árni Björn Jónasson, faðir Rögnu Árnadóttur. AraEngineering sérhæfir sig í raforkuflutningskerfum og hefur nú þegar fengið yfir 170 milljónir á silfurfati frá Landsneti, skv. nýlegri frétt Kjarnans. Hundrad milljarða framkvæmdir eru stórveisla fyrir AraEngineering sem fær verkefni frá Landsneti; án útbóðs eða samkeppni.

Horfum á hlutina eins og þeir eru. Er líklegt að íslensk pólitik í dag hafi hag almennings að leiðarljósi við dreifingu mögulegra skatttekna af sæstrengsævintýrinu? Ísland tilheyrir tíu tekjuhæstu þjóðum heims (GDP



Núverandi áætlanir um íturvaxið raforkuflutningskerfi eru tímasekkja sem endurspeglar hugmyndafræði fortíðar um risavaxnar stofnbrautir, líkt og tíðkuðust í borgarskipulagi. Stálgrindarmöstur voru í eina tíð tákmynd stoltra iðnvæddra ríkja en eru í dag ímynd stöðnunar.

per capita) þrátt fyrir áföll. Hvar sjást þess merki þegar kemur að hagsmunum almennings – barna, stúdenta, verkafólks, vel menntaðs fólks, aldraðra, einstæðra, öryrkja, sjúklinga og almennt foreldra sem vinna myrkranna á milli? Hvar sjást þess merki í leikskólum, grunnskólum, háskólum, rannsóknunum og nýsköpun? Hvað með löggæslu, persónu- og neytendavernd? Eða heilbrigðisþjónustu? Hvernig gengur annars að koma þaki yfir fjölskylduna, allt í góðu þar?

Íslenskar orkuauðlindir standa í dag berskjaldaðar. Skærulíðar sérhagsmuna ryðja brautina með lagasmíð þar sem túlkun verður smekksatriði og rest afgreidd í dómsölum. Nú stefnir í að 100 milljarða fjárfestingu í flutningskerfum verði troðið með lagasetningu ofan í fólk. Það er enn ein ógn við þegar mikið laskaða íslenska velferð.

Núverandi áætlanir um íturvaxið raforkuflutningskerfi eru tímasekkja sem endurspeglar hugmyndafræði fortíðar um risavaxnar stofnbrautir, líkt og tíðkuðust í borgarskipulagi. Stálgrindarmöstur voru í eina tíð tákmynd stoltra iðnvæddra ríkja en eru í dag ímynd stöðnunar. Slík háspennumöstur eru í öllum gildandi áætlunum Landsnets, þó eru til betri lausnir fyrir framtíðina. Þær munu hinsvegar ekki birtast okkur, þar sem sérhagsmunir kæfa nýsköpun með stuðningi sjálfs nýsköpunarráðuneytisins. Það er ógn við íslenska náttúru og ferðamannaíðnað. Það er ennfremur aðför að nýsköpun.

Andstætt Íslendingum – sem í dag byggja hús sem mygla og flækt flutningskerfi sem ryðga – byggja Danir á framsækinni nýsköpun í verkfræði og endurspeglar þekkingu og færni sem lesa má í hverju handtaki. Hvernig Danir umgangast sitt land af virðingu með skipulagi, hönnun og útfærslum nýrrar tækniþekkingar í þágu samfélagsins, er aðáunartvert.

Línudans endurspeglar vilja fólksins. Landsnet þjónustar sérhagsmuni. Ráðuneytið þjónustar Landsnet. En fólk vill aðrar lausnir. Týndar skýrslur, áróður og yfirgangur í dómsölum eru ekki líkleg til sáttar. Að einstaklingar með beina hagsmuni af stórfamkvæmdum meti áhrif þeirra á efna-hag þjóðarinnar, er ekki merki um sátt – það er galið. Erlendis færirst í vöxt að samfélög taki yfir flutningskerfin sín til að sporna við neikvæðri samfélagslegri þróun raforkumála. Erum við kannski komin þangað? Staðbundnar fingerðar lausnir í sátt við náttúru og samfélag?

TUBORG LÉTTÖL KYNIR



JAZZHÁTÍÐ REYKJAVÍKUR

9. – 13. ÁGÚST

REYKJAVIKJAZZ.IS



Reykjavíkurborg



REYKJAVÍK
LOVES
culture

EYTON
Ljós - Hljóð - Mynd

FRÉTTABLAÐIÐ

Sumarleikur

Viltu vinna Fiat Tipo?

**Sendu okkur mynd af
þinni stund með Fréttablaðinu.**

Vertu með í sumarleik Fréttablaðsins þar sem þú átt möguleika á stórglæsilegum vinningum. Aðalvinningurinn er glæsilegur Fiat Tipo sem dreginn verður út 11. ágúst, fram að því eru dregnir út veglegir aukavinningar vikulega.

Það er einfalt að taka þátt

1. Taktu mynd af þinni stund með Fréttablaðinu.
2. Farðu inn á frettabladid.is/sumarleikur og sendu okkur myndina þína.

Taktu þátt á frettabladid.is/sumarleikur



GARÐ-SLÁTTUR

...í áskrift á tveggja vikna fresti á tíu daga fresti

GARÐLIST
ALHLÍÐA GARÐPJÓNUSTA
Tunguhálsi 7 - 110 Reykjavík - 554-1989 - www.gardlist.is

Traust og örugg þjónusta fyrir fyrirtæki og einstaklinga


www.simafelagid.is

Símafélagið

Við erum komin í Hafnarfjörðinn

við hliðina á Bónus

gæludýr.is



Þjónustumiðstöð tónlistarfólks



TÓNASTÖÐIN
Allt fyrir tónlistarmanninn

Um gæði nýju íslensku stjórnarskrárinnar – fyrsti hluti



David A. Carrillo, lagaprófessor við Berkeley háskóla í Bandaríkjunum

Í dag bregst ég við mótbárum þess efnis að aðferðin við að semja stjórnarskrárdrögin hafi skort lögmati.

Í fyrsta lagi vefengi ég forsendurnar. Lögmati stjórnarskrár ræðst af samþykki kjósenda. Hér voru að verki tuttugu og fimm ríkisborgarar (kosnir í fyrstu og svo skipaðir) og sömdu þeir stjórnarskrárdrögin. Nú hefur Alþingi gert nokkrar breytingar á þeim. Tvær skoðanakannanir leiddu í ljós (í október 2012 og janúar 2017) að flestir svarenda voru fylgjandi því að stjórnarskrárdrögin yrðu samþykkt. Það er til vitnis um að almenningur er hliðhollur því að samþykkt séu drögin sem fulltrúar hans sömdu. Hér felst lögmatið í þátttöku manna í ferlinu og samþykki þeirra, en ekki í sjálfu ferlinu.

Svo hafa sumir sagt að ferlið hafi ekki verið lýðræðislegt. Það er ekki rétt. Árið 2009 kom saman þjóðfundur um tólf hundruð manna (og voru flestir valdir af handahófi úr þjóðskrá en um hundrað voru fulltrúar stofnana) til að skilgreina þau grunnildi sem þjóðin vildi setja á oddinn. Í nóvember 2010 skipulögðu stjórnvöld svo annan þjóðfund þar sem 950 manns sem valdir

voru af handahófi úr þjóðskrá komu saman skilgreindu grunnildi fyrir nýja stjórnarskrá. Sjálf ritunarferli nýrrar stjórnarskrár var svo í höndum tuttugu og fimm kjörinna fulltrúa og þegar kvartanir bárust vegna fyrirkomulags kosninga til stjórnlagabings tilnefndi Alþingi sömu einstaklinga (með einni undantekningu þó, og næsti kjörni fulltrúinn tók við). Því má segja að þar hafi verið beitt handahófsvali, beinu kjöri og tilnefningum frá Alþingi, og vitaskuld eru alþingismenn þjóðkjörnir. Hvað er ólögmat við að Alþingi skipi þátttakendur sem einnig voru kjörnir beint? Ef nokkuð er ætti almenningur frekar að kvarta undan of miklum afskiptum stjórnvalda. Nú hefur farsælt hjónaband almennings og stjórnvalda hins vegar leitt til fæðingar nýju stjórnarskrárdraganna. Nú er Alþingi auk þess búð að veita þeim drögum þinglega meðferð. Því er alveg ljóst að stjórnarskrárdrögin eru verk almennings og kjörinna fulltrúa.

Nokkrir stjórnálamenn kvörtuðu undan því að þeir væru ekki hafðir með í ráðum. Það er ekki rétt. Alþingi var með í ráðum allan tímann. Í júní 2010 kaus Alþingi sérstaka stjórnarskrárnefnd til þess að virkja borgarana við endurskoðun stjórnarskrárinnar. Ferlið færðist frá nefndinni til stjórnlagaráðsins sem Alþingi setti líka á laggirnar. Þeir sem sæti áttu í ráðinu voru kjörnir og skipaðir af Alþingi og þeir sömdu stjórnarskrárdrög. Alþingi er búð að endurskoða þau drög og þannig standa málin í dag.

Rétt er að stjórnálamönnum



Markmiðið var að fá almenning til þess að semja sér stjórnarskrá. Það hefði spilt fyrir því markmiði að kalla stjórnálamenn til leiks.

var haldið utan við ráðið. Hugmyndin (frábær hugmynd) var að koma á stjórnlagabingi sem eingöngu væri byggt á þátttöku almennings. Markmiðið var að fá almenning til þess að semja sér stjórnarskrá. Það hefði spilt fyrir því markmiði að kalla stjórnálamenn til leiks. Nú eru stjórnarskrárdrögin hjá Alþingi sem er búð að endurskoða þau, þannig að Alþingi á núverandi útgáfu nýju stjórnarskrárinnar. Samkvæmt þeirri stjórnarskrá, sem nú er í gildi, þurfa tvö þing að samþykkja frumvarp til breytinga og skulu þingkosningar vera á milli þinganna. Tak gleði þína aftur, Alþingi, hlutur þinn var eigi lítill.

Ef ég hefði freistað þess að skipuleggja ferli til að semja drög að nýrri stjórnarskrá hefði það ekki getað virkjað almenning betur en raun varð á í því ferli sem spratt upp af sjálfu sér og fyrir ánægjulega tilviljun á Íslandi. Þið megið vera stolt af því sem þið hafið þegar afrekað, Íslendingar. Nú er bara að ljúka verkefninu.

Um bætur vegna lögregluaðgerða



Bjarni Þór Sigurbjörnsson héraðsdómslögmaður

Íslensk sakamála lög tryggja þeim einstaklingum sterkan bótarétt sem að ósekju verða fyrir aðgerðum af hálfu lögreglu vegna sakamála. Þeir sem beittir eru aðgerðum eins og handtöku, líkamsleit, líkamsrannsókn, hútleit eða leit í bifreið, án þess að mál þeirra leiði til sakfellingar, eiga þannig almennt séð nokkuð skýran rétt á miskabótum nema sýnt sé fram á að þeir hafi sjálfir valdið eða stuðlað að aðgerðunum.

Sakamála lög ganga raunar lengra og tryggja einstaklingum rétt til gjafsóknar til að krefja íslenska ríkið um bætur vegna aðgerða eins og þeirra sem að framan eru taldar. Það þýðir að ríkið styrkir einstaklinga til greiðslu lögmannskostnaðar í slíkum dómsmálum óháð efnahag.

En ef aðgerðirnar voru löglegar? Það er algengur misskilningur að aðgerðir lögreglu þurfi að hafa verið ólöglegar eða að sýna þurfi fram á sök lögreglu til þess að til bótaréttar gagnvart íslenska ríkinu stofnist í tilvikum sem þessum.

Sú aðstæða getur þannig vel verið uppi að t.d. leit á einstaklingi eða

leit í bíl hafi verið lögleg og fullkomlega eðlileg miðað við aðstæður, en einstaklingurinn samt átt rétt á miskabótum. Þetta er vegna þess að bætur í málum sem þessum eru ákveðnar á hlutlægum grundvelli og skiptir því ekki máli hvort fullt tilefni hafi verið til aðgerðanna eins og málið horfði við lögreglu á sínum tíma.

En ef einstaklingur hefur samþykkt aðgerðirnar?

Annar misskilningur sem gjarnan er uppi er sá að með því að einstaklingur samþykki aðgerðir lögreglu þá firri hann sig um leið alltaf rétti til bóta. Sú er alls ekki raunin. Nýleg dómafordæmi staðfesta t.d. að samþykki fyrir líkamsleit girðir ekki fyrir rétt einstaklings til bóta ef önnur skilyrði bótaréttar eru til staðar. Einstaklingur getur m.ö.o. átt rétt á bótum þó hann hafi samþykkt aðgerðirnar.

Þetta er eðlilegt vegna þess að með því að samþykkja aðgerðir lögreglu leggur einstaklingur sitt af mörkum til að mál gangi skjótt fyrir sig. Hann á því ekki að firra sig bótarétti fyrir slíka samvinnu. Annað mundi í reynd þýða að maður gæti verið betur settur með því að vera ósamvinnuþýður við lögreglu og knýja hana jafnvel til að afla dómsúrskurða fyrir aðgerðum. Eðlilega er engin lagastöð fyrir svo afkärelegri túlkun bótareglunnar.

Grundvallaratriðið er einfalt

Loks er rétt að leiðrétta þriðja



Nýleg dómafordæmi staðfesta t.d. að samþykki fyrir líkamsleit girðir ekki fyrir rétt einstaklings til bóta ef önnur skilyrði bótaréttar eru til staðar.

atriðið sem einnig má kalla misskilning eða mistúlkun um það efni sem hér er til umræðu. Það er það sjónarmið að einstaklingar, sem leita réttar síns vegna aðgerða lögreglu, séu sjálfkrafa með því að beina gagnrýni á störf lögreglu eða valdheimildir hennar. Svo þarf alls ekki að vera.

Sem fyrr segir er það ekki aðalatriði í málum af þessu tagi hvort lögreglan eða einstakir lögreglumenn hafi misbeitt valdi sínu eða yfirleitt gert nokkuð rangt. Aðalatriðið er einfaldlega það að við búum við eðlilegt og sanngjarnt réttarfar þar sem einstaklingar eru ekki látnir þola íþyngjandi lögregluaðgerðir bóta laust nema sýnt sé með ótvíráðum hætti fram á að þeir hafi sjálfir kallað þær aðgerðir yfir sig. Það er það einfalda grundvallaratriði sem réttilega er fest í lög.



MIDVIKUDAGUR 2. ÁGÚST 2017

Heimili



Sólveig Baldursdóttir blaðamaður á mörg skemmtileg eldhúsáhöld en mandólin, sem hún eignaðist á sínum fyrstu hjúskaparárum, er henni minnisstætt.

[heimili](#) ➔4



Sigurjón Már Svanbergsson setti saman sólpall úr vörubrettum og gefins efniviði. MYNDR/VILHELM

Nágranninn búinn að panta pall

Sigurjón Már Svanbergsson myndasmiður smíðaði sólpall á örfáum dögum úr gefins efniviði sem hann sankaði að sér gegnum Facebook. Nágrannarnir fylgdust með. ➔2



Pægilegar dagleiðir, heillandi menning og frábær fararstjórn.
Gengið á Toubkal, hæsta tind N-Afríku.

9. - 17. sept. - nokkur sæti laus.
30. sept - 8. okt. - eitt sæti laust.

Gönguferð um Atlasfjöllin í Marokkó

Verð 149.000 kr Allt innifalið nema flug

ÍSLENSKIR
FJALLALEIÐSÖGUMENN

www.fjallaleidsogumenn.is
ferdir@fjallaleidsogumenn.is

Ragnheiður
Tryggvadóttir
heida@365.is



Framhald af forsiðu →

Mig langaði strax að gera einhvers konar pall fyrir sumarið þegar ég sa garðinn sem fylgdi íbúðinni en ég flutti inn í janúar. Hugmyndin að hanna sólpall úr vörubrettum kom strax. Ég hafði áður gert hornsófa úr vörubrettum og mér finnst þetta skemmtilegt byggingarefni,“ segir Sigurjón Már Svanbergsson myndasmiður en hann dreif upp sólpall bak við hús hjá sér á örfáum dögum. Hann nýtti sér Facebook hópa þar sem auglýst er gefins dót og hélt kostnaðinum í lágmarki.

„Eftir umtalsverða leit að vörubrettum og fyrirsurnir var ég á mörkum þess að jata mig sigraðan en þá sannaðist máttur Facebook. Ég þekki gott fólk og fékk veðruð og vel notuð bretti gefins og endanleg hönnun gat hafist,“ segir Sigurjón. „Ég lagði brettin á lóðina, sagaði þau til og stillti af svo pallurinn yrði stöðugur. Fyrsta hugmynd var að kaupa mér lista til að fylla upp í bilin á brettunum en á Gefins grúppu á Facebook sá ég að verið var að gefa sex fermetra af tréflisum sem áður voru á svölum í Hafnarfirðinum. Ég fékk flisarnar. Á svipuðum tíma var verið að gefa skjólveggsbút. Ég sendi fyrirsurn og fékk hann einnig gefins. Þar með var ég kominn með allt efni í pallinn og smíðin byrjaði.“

Sigurjón skrúfaði brettin saman og festi tréflisarnar ofan á pallinn. Þá skrúfaði hann skjólvegginn á og festi restina af tréflisunum framan á pallinn. Verkið tók ekki langan tíma.

„Ég fékk brettin hingað heim á lóð 2. júlí og að kvöldi 9. júlí var ég að bera pallaoliuna á allt. Mér fannst samt eitthvað enn vanta, auglýsti því eftir útiarni, og viti menn, ég fékk einn slíkan gefins,“ segir Sigurjón, ánægður með útkomuna.

Pallasmíðin vakti athygli nágrannanna og verkefnið mun jafnvel vinda upp á sig.

„Nágranni minn, Arnheiður,



„Ég sé fyrir mér ágústkvöldin, þegar farið er að rökkva.“ Sigurjón hlakkar til síðsumarkvöldanna.

Nágranni minn, Arnheiður, hefur sýnt hugmyndavinnu og framkvæmdum á pallinum mikinn áhuga og hvatt mig áfram við smíðarnar.

Sigurjón Már Svanbergsson



Allan efnivið í pallinn fékk Sigurjón gefins gegnum Facebook.



Smíðin vakti áhuga nágrannanna og þá sýndi Sigurjón myndir á hópnum Skreytum hús á Facebook.

hefur sýnt hugmyndavinnu og framkvæmdum á pallinum mikinn áhuga og hvatt mig áfram við smíðarnar. Aðrir nágrannar hafa aðeins verið að gæjast af svölunum sínum niður á pallinn til að fylgjast með. Ég fékk ábendingu um að sýna myndir innan ákveðinnar grúppu á Facebook, sem ég gerði og 14 klukkustundum síðar voru 1.000 manns búnir að líka við póstin.

Ég ákvað því að auglýsa eftir meira efni til að gera pall handa Arnheiði. Ég er búinn að fá vörubretti og núna vantar mig bara sex fermetra af tréflisum. Ef einhver á tréflisar, mega vera veðraðar og misgráar, má endilega hafa samband,“ segir Sigurjón sposkur.

Hann hlakkar til síðsumarkvöldna á pallinum.

„Ég sé fyrir mér ágústkvöldin, þegar farið er að rökkva. Þá kveiki ég upp í arninum, drekk heitt súkkulaði og býð vinum og ættingjum að gleðjast með mér.“

Útsalan er hafin

30 - 70% afsláttur

Frábært úrval af buxum á útsölunni.

Opið virka daga kl. 11-18
Opið laugardaga kl. 11-15

black pepper
FASHION

Laugavegi 178 | Sími 555 1516

Kíkið á myndir og verð á Facebook

Geggjað grískt salat

Grískt salat er sérlega gott á bragðið enda passar allt hráefnið í það vel saman. Salatið hentar vel sem full máltíð eða meðlæti, t.d. með grilluðu lambakjöti. Aðeins tekur stuttan tíma að útbúa salatið, það inniheldur ekkert hráefni sem þarf að elda heldur aðeins grænmeti og fetaost. Grískt salat er sumarlegt og flott á borði, og það er ekki aðeins bragðgott heldur einnig stútfullt af góðum næringarefnum.

Romaine salat, gróft skorið
4 stórir og vel þroskaðir tómatar, skornir í bita
1 gúrka, fræhreinsuð og skorin í bita
½ rauðlaukur, sneiddur
20 svartar ólífur, kalamata
1 tsk. þurrkað oreganó
100 g fetaostur, skorinn í teninga
1 dl góð ólífuolía
0,75 dl vínedik

Setjið allt hráefnið í stóra skál og blandið vel saman. Berið fram með góðu brauði.



Grískt salat passar vel sem meðlæti með grilluðu lambakjöti.

Fólk er kynningarblað sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í formi viðtala og umfjallana. Í blaðinu er einnig hefðbundið ritstjórnar-efni. Blaðið fylgir fréttablaðinu daglega.

Útgefandi:
365 miðlar

Ábyrgðarmaður:
Svanur Valgeirsson

Umsjónarmenn efnis: Elin Albertsdóttir, elin@365.is, s. 512 5349 | Ragnheiður Tryggvadóttir, heida@365.is, s. 512 5367 | Sólveig Gísladóttir, solveig@365.is, s. 512 5351 | Sigríður Inga Sigurðardóttir, sigriduringa@365.is, s. 512 5372 | Starri Frey Jónsson, starri@365.is, s. 512 5358 | Vera Einarsdóttir, vera@365.is, s. 512 5357

Sölumenn: Atli Bergmann, atlib@365.is, s. 512 5457 | Jóhann Waage, johannwaage@365.is, s. 512 5439 | Jón Ívar Vilhelmsson, jonivar@365.is, s. 512 5429 | Ólafur H. Hákonarson, olafurh@365.is, s. 512 5433

VELDU GÆÐI

EITT MESTA ÚRVAL LANDSINS AF FLUGUVEIÐIHJÓLUM



NAUTILUS X

Sennilega langbestu kaupin
Verð frá 39.900 kr.



NAUTILUS CCF

Mögnuð tvíhenduhjól
Verð frá 95.900 kr.



LOOP EVOTEC

Allir þekkja Loop-gæði
Verð frá 56.900 kr.



LOOP OPTI

Sjálfsgagt besta hjólið í laxinn
Verð frá 64.900 kr.



LOOP CLASSIC

Gamli skólinn
Verð frá 99.900 kr.



EINARSSON PLUS

Íslensk framleiðsla á heimsælikvarða
Verð frá 59.900 kr.



ECHO ION OG ECHO BASE

Ódýr en áreiðanleg
Verð frá 7.300 kr.



LOOP MULTI

Alvöru hjól á betra verði
Verð frá 31.900 kr.



Mandólin og hnífar

Sólveig Baldursdóttir á mörg skemmtileg eldhúshöld en mandólin sem hún eignaðist á sínum fyrstu hjúskaparárum er henni minnisstætt.

Sigríður Inga Sigurðardóttir
sigridinga@365.is



Sólveig hefur alltaf haft mikinn áhuga á mat og matargerð, enda var hún ritstjóri Gestgjafans um árabil. Hún bjó um tíma í Bandaríkjunum og þar rakst hún oft á skemmtileg eldhúshöld sem hún freistaðist stundum til að kaupa.

„Við maðurinn minn, Gunnar Hrafnsson tónlistarmaður, byrjuðum að búa í Bandaríkjunum árið 1981. Við vorum fátækir námsmenn og notuðum því tækifærið til að gera góð kaup á garðsölum, sem eru algengar þar í landi. Á einni garðsölu rakst ég á hlut sem hefur verið mér kær. Ég keypti gripinn því mér fannst hann sniðugur og ódýr en vissi í raun ekkert hvað átti að gera við hann. Þetta reyndist vera gamaldags mandólin,“ rifjar Sólveig upp.

Mandólinið góða er löngu úr sér gengið og Sólveig á núna nýtt eintak sem hún er alsæl með. „Ég ráðlegg öllum að fá sér mandólin



Sólveigu finnst gaman að elda góðan og hollan mat fyrir þá sem henni þykir vænt um.

MYND/EYÞÓR

eða gefa það í gjafir því þetta er alveg dásamlegt tæki. Það er notað til að skera alls konar grænmeti og ávexti og hægt er að ráða þykktinni á því sem verið er að skera. Ég hef líka komist að raun um að það er auðvelt að skera sig á því,“ segir Sólveig brosandí og bætir við að það eigi ekki að vera vandamál þegar maður sé kominn upp á lagið með að nota mandólinið.

Góður hnifur nauðsyn

Þegar Sólveig er spurð hvaða eldhúshald allir þurfi að eiga er hún ekki lengi að hugsa sig um. „Góðan hnif. Hann er forsenda þess að auðvelt sé að meðhöndla hráefni, hvort sem það er fiskur, kjöt, grænmeti eða ávextir,“ segir hún.

Brauðvél er hins vegar furðulegasta eldhústæki sem hún á. „Ég nota hana helst til að búa til pitsubotna en börnin mín þrjú og fjölskyldur þeirra koma alltaf í pitsu til okkar á föstudögum. Þótt mér finnst brauðvélin heldur plássfrek vil ég ekki láta hana frá mér því þá myndi ég eflaust sakna hennar á föstudögum.“

Eldhúsbordið í upphaldi

Sólveig ver tölverðum tíma í eldhúsinu og segir miklu máli skipta að vinnuástaðan sé þægileg og góð. „Auðvitað fer það eftir því hvernig fólk vinnur. Ég verð eiginlega að vera ein að vinna í mínu eldhúsi því vinnuástaðan þar er heldur þröng og ef margir eru þar á sama tíma geta orðið árekstrar.“

Upphaldsstaðurinn hennar í eldhúsinu er við eldhúsbóðið þar sem fjölskyldan kemur saman að borða. „Það er yndislegur staður. Ég tjá gjarnan tilfinningar í gegnum matargerðina og finnst gaman að elda góðan og hollan mat fyrir þá sem ég elska, enda geri ég mikið af því og finnst líka skemmtilegt að fá fólk í mat. Ég býð fólk gjarnan í eldhúsið og það er góður staður að vera á,“ segir hún.

Sólveig hefur sinnt ýmsum verkefnum undanfarna mánuði en með haustinu hefur hún störf við vefinn lífdununa.is sem er í eigu Ernu Indriðadóttur. „Ég hlakka til að hefja störf og mun ég vafalaust birta góðar uppskriftir og ráð varðandi matargerð á vefnum,“ segir Sólveig að lokum.

Tryggðu þér
áskrift á aðeins
333 kr. á dag*
9.990 kr. á mánuði

SKEMMTIPAKKINN



*9.990.- á mánuði.

365.is | Sími 1817

365



Dásamlegur þeytingur, stútfullur af góðum vítamínum og trefjum.

Dásamlega hollur heilsudrykkur

Þessi dásamlegi þeytingur er stútfullur af góðum vítamínum og trefjum en það er einmitt gott að byrja helgina á slíkum drykk. Þeytinginn má auðvitað drekka einan og sér en það er líka gott að setja gott músli saman við hann en þannig verður hann matarmeiri og gefur manni næga orku út í daginn. Þessi uppskrift ætti að duga í 2-3 glös.

1½ dl sóðavatn eða vatn, líka gott að nota kókosvatn
1½ dl hrein jógúrt eða vanillu-jógúrt
1½ dl rauð vinber
1½ bolli frosin jarðarber
1½ bolli frosin bláber
1½ bolli frosin hindber
Ísmolar, ef vill



Setjið allt hráefnið í blandara og þeytið saman á mesta hraða þar til áferðin á drykknum er orðin mjúk og að ykkar smekk. Hellið í tvö glös og setjið upphaldsmúslið ykkar yfir.

AKU

AKU SUPERALP GTX

32.900 kr.

Framleiddir á Ítalíu úr 100% evrópskum íhlutum og efnum

- Aukin mýkt við ökkla
- GoreTex filma, 100% vatnsvörn
- 2mm gúmmíborði (grjótvörn) sem hentar vel í íslensku hraunlendi
- AKU Exoskeleton, innan- og utanfótarstuðningur
- IMS: Kerfi sem gefur auka mýkt niður í sólann
- Dempun



Mýkra leður til að minnka spennu og auka þægindi

Reimalæsing, hægt að vera með sitthvora stillinguna yfir rist, eða um ökla

Rúllukefli til að halda jafnri spennu á reimum

2,6mm ekta ítalskt nubuck leður

Custom fit innlegg

Vibram sóli

Þú finnur allar okkar vörur ásamt ítarlegum upplýsingum á www.ggsport.is



SANDALAR

FÆTUR OG TÆR ÖDLAST NÝTT LÍF Í KEEN

KEEN Venice Women's

Frá fjöru að fjalli. Frábært grip á breytilegu undirlagi, sandalarnir anda vel en eru jafnframt með lokaða tá sem að verndar tærnar fyrir hnjaski. Sólinn nær upp fyrir tærnar. Léttir en áreiðanlegir. Venice sport sandalarnir frá KEEN fylgja þér hvert sem ævintýrið er.

Stærðir: (heil og hálf nr.) stærð 35-42

15.990 kr.



KEEN Newport

Lokuð tá sem að verndar tærnar fyrir hnjaski, sólinn nær upp fyrir tærnar. Gott grip á sóla, hvort sem er á þurru eða blautu undirlagi. Innleggið mótast eftir fætinum og veitir góðan stuðning. Þetta eru sandalar sem að þú getur notað allan daginn, alla daga, í nánast hvaða aðstæðum sem er.

Stærðir: (heil og hálf nr.) 40-48

15.990 kr.



Hágæða bakpokar frá Osprey • Eitt mesta úrval landsins

Klifurbakpokar • Leiðsögumannabakpokar • Fjallgöngubakpokar • Krakkabakpokar • Hjólabakpokar • Ferðatöskur

Við stillum alla bakpoka þannig að þeir passi fullkomlega. Á stærri pokunum sérmótum við mjaðmabeltin.



Lífstíðarábyrgð

Stillanlegt bak

Hægt að breyta hliðarströppum í þverfestingar t.d. fyrir snjóþrúgur

Briðstól á sleða og með neyðarfhlautu

Göngustafa festing

Hámarks öndun í baki

Flöskuvasar

Mjaðmabelti þrengist með því að toga beggja vegna

Vasi á mjaðmabelti

Svefnpokaólar

Vasi í topploki

Netavasi með lyklahengju undir topploki

Með léttustu bakpokum í heimi

Hægt að opna á hliðinni

Netapoki

Tvískipt hólf

Lykkja fyrir ísöxi



Ariel 65L Burðarbakpoki **43.990 kr.**



Daylite Alhliða bakpoki **9.990 kr.**



Momentum 26L Hjólabakpoki m/fartölvuhólf **19.990 kr.**



Farpoint 55L Heimsreisubakpoki **31.900 kr.**



Talon 33L Léttur göngubakpoki **21.990 kr.**



Duro Hlaupavesti **17.990 kr.**

Kestrel 38L göngupoki **28.990 kr.**



GG-sport

Smíðjuvegur 8, Græn gata, 200 Kópavogi
sími: 571 1020 • www.ggsport.is



„Finndu okkur á Facebook“

SUMARLEIÐIN – FULLT AF GAGNAMAGNI FYRIR MINNA

11GB

ENDALAUST TAL OG SMS
FYRIR AÐEINS

2.590 KR.

Á mánuði



Smáauglýsingar

512 5000

Afgreiðsla smáauglýsinga og simi er opin allan virka daga frá 9-16
Netfang: smaar@frettabladid.is

Bílar & Farartæki

bilfang.is
S. 567 2000



GOLBÍLL-GOTT VERÐ!

Yamaha Ydre Golfbíll árg 2013, rafmagn fer leikandi 36 holar á hleðslu. Nú á aðeins 880 þús með húsi! Gunnar 8972908

Bílasalan Bílfang
Malarhöfða 2, 110 Rvk.
Sími: 567 2000
Seljum í dag!
www.bilfang.is

**GEFÐU
HÆNU**

gjofsemgefur.is
907 2003

Hjálparstarf
kirkjunnar



FORD Transit trend. Árgerð 2017 nýr bíll ekinn 0 KM, dísel, beinskiptur. Tíboðsverð Verð 3.990.000. + vsk Rnr.104264.



AUDI Q5 quattro panorama. Árgerð 2016, ekinn 16þ KM dísel, sjálfskiptur. Verð 7.290.000. Rnr.103149.



FORD Transit Trend skr 12/16. Árgerð 2017 ekinn 0 þ.KM, dísel, 6 girar. Tilboðsverð Verð 4.190.000. + vsk Rnr.104186.

Braut Bílasala
Bíldshöfða 3, 110 Reykjavík
Sími: 587 6600
bilabraut@bilabraut.is
www.bilabraut.is



KRÓKUR

Við flytjum bifreiðar og vinnuvélar á öruggan og hagkvæman hátt.

Krókur
Sími: 522 4600
http://www.krokur.net



GERÐU OKKUR TILBOÐ

HOBBY 560 UKF PREMIUM - ÖNOTAD, árgerð 2016, leður, kojur, TFT-skjær, 12 volt ofl. ofl. Verð 4.790.000 kr. Raðnr. 256556 á BILO.is TIL sýnis inn!

Höfðahöllin
Funahöfða 1, 110 Rvk.
Sími: 567 4840
www.bilo.is



Öruggir Vinnuvéla-Lyftara og Bifreiðaflutningar á verði fyrir þig.

Vaka
Skútuvoði 8, 104 Reykjavík
Sími: 567 6700
24 tíma þjónusta
http://www.vakahf.is



SUZUMAR gúmmibátar. Uppblásnir slöngubátar með algólfi og mikla burðargetu. Til í stærðum frá 2,9m - 4,2m. Verð frá 255.000.- kr.

SUZUKI UMBODIÐ ehf
Skeifunni 17, 108 Reykjavík
Sími: 565-1725
suzuki@suzuki.is
Suzuki.is / suzukisport.is



HÖFÐABÍLAR
... þar sem bílar seljast



FORD Transit 280s. Árgerð 2007, ekinn 190 þ.KM, dísel, 5 girar. Verð 890.000. Rnr.112397.



HONDA Cr-v. Árgerð 2006, ekinn 188 þ.KM, bensín, sjálfskiptur 4 girar. Verð 990.000. Rnr.222677.

Höfðabílar
Fossháls 27/ Dragháls megin,
110 Reykjavík
Sími: 577 4747
www.hofdabilar.is

Bílar óskast

BÍLL ÓSKAST Á 25-250ÞÚS.
Má þarfnast lagfæringa.
Hringdu S. 615 1815 eða sendu sms.

Fjór hjól



TRV 550 - kr. 1.689.000,-
TRV 700 - kr. 1.960.000,-
Á hvítum númerum.

ARCTIC SPORT
Míðhrauni 13 - 210 Gardabæ
Sími 578-0820 - arcticssport.is



Ábendingahnappinn má
finna á www.barnaheill.is



RÁÐGJÖF

Að gera betur í dag en í gær er drifkraftur nýrra hugsana og betri árangurs.

RÁÐNINGAR

Starfsmenn eru lykill að árangri allra fyrirtækja.

RANNSÓKNIR

Rannsóknir auka þekkingu og gera ákvarðanir markvissari

Intellecta er sjálfstætt þekkingarfyrirtæki stofnað árið 2000. Við vinnum með stjórnendum við að auka árangur, bæta rekstur og efla stjórnun. Ráðgjafar Intellecta hafa sterkan faglegan bakgrunn og viðtæka alþjóðlega reynslu. Þennan grunn notum við í samvinnu við viðskiptavinum til að móta hugmyndir sem skipta máli og í innleiðingu lausna sem skila árangri.

Intellecta ehf. Síðumúla 5 108 Reykjavík 511 1225 intellecta.is

intellecta



THE SUPER MATCH

REYKJAVIK AUGUST 4TH 2017

LAUGARDALSVOLLUR

Í BEINNI ÚTSENDINGU Á STÖÐ 2 SPORT
4. ÁGÚST - 14:00

Í fyrsta sinn í sögu knattspyrnu á Íslandi spila tvö topplið úr ensku úrvalsdeildinni leik á Íslandi. Stórliðin Manchester City og West Ham mætast í lokaleik undirbúningtímabilsins fyrir ensku úrvalsdeildina.



Tryggðu þér
áskrift á aðeins
399 kr. á dag*
11.990 kr. á mánuði

*miðað við 12 mánaða bindingu

FRÉTTABLAÐIÐ **SPORT**

Nýjast

Pepsi-deild karla

ÍR - Fram 2-2

1-0 Hilmar Þór Kárasón (44.), 1-1 Guðmundur Magnússon (64.), 1-2 Guðmundur Magnússon (72.), 2-2 Andri Jónasson (87.)

Efst	Neðst
Fylkir 30	HK 21
Keflavík 28	Fram 19
Próttur 27	Leiknir R 17
Þór 25	ÍR 12
Haukar 23	Grótta 8
Selfoss 21	Leiknir F 7

MAGNÚS HÆTTUREFTIR 19 ÁR

Keflvíska stórskyttan Magnús Þór Gunnarsson hefur ákveðið að leggja skóna á hilluna eftir níttján ára feril. Hann varð fimm sinnum Íslandsmeistari með Keflavík og þrívægis bikarmeistari. Hann lék einnig með Njarðvík, Grindavík, Skallagrími sem og í Danmörku á ferlinum.



Í dag

Inkasso-deildin

17.45 Leiknir F - Leiknir R Fjarðab.
17.45 Haukar - Þór Ásvellir
19.15 Selfoss - Keflavík JÁVERK-v.
19.15 Fylkir - HK Florídanav.
19.15 Próttur - Grótta Eimskipsv.

17.35 Haukar - Þór Sport 3
18.15 FH - Maribor Sport
18.40 Man. Utd - Sampd. Sport 2



Pétur Viðarsson tekur hér á móti boltanum á æfingu FH-inga á Kaplakrikavelli í vikunni. Leikmenn vita að það er mikið í húfi í kvöld. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

SVEFNVANDI – KVÍÐI – DEPURÐ



MAGNOLIA OFFICINALIS

Hefur verið notað við svefnvandamálum, kvíða og depurð í yfir 2000 ár í Asíu



Hrafnhildur Ólafsdóttir starfar við sjálfbodavinnu í Rauða Kross búðinni
 „Ég vil alls ekki nota lyfseðilskyld svefnlyf og ákvað því að prófa Magnolia. Ég tek 2 hylki á kvöldin um klukkustund fyrir svefn og hef ekki sofað betur í mörg ár.“

Bætt heilsa og betri liðan með Natural Health Labs 100% náttúruleg bæti efni



Fæst í apótekum, Heilsuhúsið, Hagkaup, Fjarðarkaup, Orkusetrið, Heilsuver, Heilsuhorníð Blómaval, Heilsulausn.is, Heimkaup og Iceland Engilhjalla.

BALSAM balsam.is

Blekhyllki.is



Ódýr blekhyllki og tónerar!

Blekhyllki.is, S. 517 0150 – 2. hæð Smáralind

Milljónir í húfi í kvöld

Það er heilmikið í húfi fyrir FH sem mætir slóvensku meisturunum í NK Maribor í kvöld, bæði innan vallar sem utan. Sigur tryggir FH-ingum minnst rúmlega 750 milljónir króna en tekjurnar gætu stórukist með enn betri árangri.

FÓTBOLTI Þjálfarar og leikmenn Íslandsmeistara FH hafa í kvöld tækifæri til að brjóta blað í íslenski knattspyrnusögu. FH mætir þá slóvensku meisturunum í NK Maribor í Kaplakrika en liðið sem ber sigur úr bítum í rímlu liðanna fer annað hvort í riðlakeppni Meistaradeildar Evrópu eða riðlakeppni Evrópu-deildar UEFA. Það hefur engu íslensku félagsliði tekist fyrr.

Maribor vann 1-0 sigur í fyrri leik liðanna sem fór fram ytra í síðustu viku og á FH því ágæta möguleika.

Sigurvegari rímmunnar fer í umspilsumferð fyrir riðlakeppni Meistaradeildarinnar. Öllum liðum í þeirri umferð er tryggð þátttaka í Evrópukeppnum í vetur – sigurlíðið fer í Meistaradeildina en tapliðið í Evrópu-deildina.

Tapi FH-ingar hins vegar í kvöld munu Hafnfirðingar engu að síður fá annað tækifæri til að komast í riðlakeppni Evrópu-deildarinnar, í gegnum umspilsumferð þar sem sigurvegari rímmunnar fer áfram. FH gæti mætt sterku liði þar, til að mynda Everton eða AC Milan, en það var í þessari umferð að Stjarnan mætti Inter frá Ítalíu sumarið 2014.

Auk þess að fá tækifæri til að spila við sum af bestu félagsliðum Evrópu eru heilmiklir fjármunir í húfi fyrir liðin sem komast svo langt. Ljóst er að sigur í kvöld mun tryggja FH tæpar 400 milljónir króna í heildargreiðslu frá Knattspyrnusambandi Evrópu, UEFA, fyrir árangur sinn í Evrópukeppni.

Eins og sjá má í töflunni hér til hliðar eru svo svimandi háar upphæðir í boði fyrir þau lið sem komast alla leið í Meistaradeild Evrópu – ekki minna en 1,8 milljarðar króna.

Tekjumöguleikar FH-inga

FH tapar fyrir Maribor og tapar í næstu umferð	
↳ Fer ekki í riðlakeppni	152,5 milljónir kr. 1,25 milljónir evra
FH tapar fyrir Maribor en vinnur í næstu umferð	
↳ Fer í riðlakeppni Evrópu-deildar UEFA	441,5 milljónir kr. 3,6 milljónir evra
FH slær út Maribor en tapar í næstu umferð	
↳ Fer í riðlakeppni Evrópu-deildar UEFA	758 milljónir kr. 6,18 milljónir evra
FH slær út Maribor og vinnur í næstu umferð	
↳ Fer í riðlakeppni Meistaradeildar Evrópu	1,84 milljarðar kr. 15 milljónir evra

Allar upphæðir miðaðar við upplýsingar frá UEFA fyrir tímabilið 2016-17.

Stærstu félagslið Íslands eru rekin fyrir 100-150 milljónir ár hvert og því ljóst að svo miklar tekjur af þátttöku í Evrópukeppni myndi gerbreyta landslagi FH og íslenskrar félagsliðaknattspyrnu.

Gæði lyfta öllu upp

„Auðvitað er einhver kostnaður á móti eins og eðlilegt er. En því er ekki að neita að það verður til verulegur afgangur ef allt gengur upp,“ sagði Jón Rúnar Halldórsson, formaður knattspyrnudeildar FH, í samtali við Fréttablaðið.

„Við sjáum fyrst og fremst tækifæri til að verja verulegum fjárhæðum í uppbyggingu á innra starfi

og aðstöðu, sem við höfum sjálfir verið að sinna og höfum metnað til. Og vitaskuld hefur það þau áhrif að við reynum að gera betur við okkar leikmenn og þjálfara í þeirri von að geta viðhaldið góðum árangri.“

Jón Rúnar segir að velgengni í Evrópukeppni félagsliða gæti haft meiri áhrif en þegar íslenska karlalandsliðið komst í fyrsta sinn á stórmót í knattspyrnu, með tilheyrandi fjárhagslegum ávinningi fyrir KSÍ.

„Þetta sýnir nálægðina. Það nægir að nefna Norðurlöndin í því samhengi og árangur Rosenborg, Brøndby og FCK. Gæði lyfta öllu upp og vekja athygli fyrir íþróttina alla.“ eirikur@frettabladid.is

SKÓLATÖLVURNAR KOMNAR!

60 GERÐIR OG LÆGRA VERÐ



acer

14" SKÓLATÖLVA MEÐ OFFICE 365 Í 1 ÁR!

FJÓRIR INTEL KJARNAR

14"

FJÓRIR INTEL KJARNAR

INTEL PENTIUM QUAD CORE

ÖRGJÖRVI OG ALLT AÐ

9 TÍMA RAFHLÖBUDINGU

INTEL HD 505

4GB MINNI

64GB

64.995

OFFICE 365
ÁRS ÁSKRIFT FYLGIR
AÐ VERÐMÆTI
9.995,-



ASUS

A8 OG STÓR 512GB SSD

FRÁBÆR KAUP

ASUS-X540YAD075T

FRÁBÆR KAUP. HRADVIRKUR 512GB SSD,
8GB VINNSLUMINNI OG FJÖGURRA KJARNA A8
ÖRGJÖRVI TRYGGJA HRABA VINNSLU

15,6"

QUAD CORE

RADEON R5

8GB MINNI

512GB SSD

89.995



acer

ASPIRE VX15 Í TÖLVULEIKINA

INTEL I5 HQ

ACE-NV84ZED038

ÓTRÚLEGT VERÐ FYRIR SVONA VEL BUNA
LEIKJATÖLVA. INTEL I5 HQ ÖRGJÖRVI, 4GB GTX 1050
LEIKJASKJAKORT OG 256GB M.2 SSD DISKI

15,6"

INTEL I5-7200HQ QUAD-CORE

NVIDIA GTX1050M 4GB

8GB MINNI

256GB SSD

149.995

ASUS

128GB SSD OG STÓR 1 TB HDD

GLÆSILEG HÖNNUN

ASUS-F556ADMB017

MJÖG KRAFTMIKILL INTEL I5 ÖRGJÖRVI
OG AUKINN HRADI MEÐ 128GB SSD DISKI OG
1TB GAGNADISKI. GLÆSILEGA BLÁ OG SILFRUD

15,6"

INTEL CORE I5

INTEL HD 420

8GB MINNI

128GB SSD / 1TB HDD

114.995



acer

SKÓLATÖLVA MEÐ SSD Á 54.995!

INTEL ÖRGJÖRVI

ACE-NV84FED007

MEÐ INTEL ÖRGJÖRVA,

FULL HD HÁSKERPUSKJÁ OG 128GB SSD Á

ÞESSU ÓTRÚLEGA VERÐI!

15,6"

INTEL DUAL CORE

INTEL HD 500

4GB MINNI

128GB SSD

54.995



TÖLVU LISTINN



F-Secure

VÍRUSVÖRN FYLGIR!

ÁRSÁSKRIFT AF F-SECURE SAFE ÖRYGGISPAKKA MEÐ VÍRUSVÖRN
AÐ VERÐMÆTI 5.995 FYLGIR MEÐ ÖLLUM SKÓLATÖLVUM Í ÁGÚST!

REYKJAVÍK
SUÐURLANDSBRÁUT 26

AKUREYRI
GLERÁRTORG

HÚSAVÍK
GARDARSBRÁUT 18A

EGILSSTAÐIR
KAUPVANGI 6

KEFLAVÍK
HAFNARGÖTU 90

SELFÖSS
AUSTURVEGI 34

AKRANES
ÞJÓÐBRAUT 1

THULE
SWEDEN

Ferðavörur



THULE
SWEDEN

Hjólafestingar



THULE
SWEDEN

Hjólavagnar



THULE
SWEDEN

Ferðabox



Stilling
Allt fyrir bílinn

Stilling hf. | Sími 520 8000 | www.stilling.is | stilling@stilling.is




THE FINEST QUALITY
Herschel
 SUPPLY CO. BRAND
 TRADE MARK



Vandaðir bakpokar & töskur fyrir skólann og ferðalagið!

Haustlína Herschel Supply Company er innblásin af New York og níunda áratugnum. Í hverri tösku sameinast fallegir litir og hagnýt hönnun þannig að hver sem er getur fundið tösku við hæfi.

.. úrvalið má sjá á Facebook síðu Galleri Sautján og á ntc.is



galleri **sautján**

KRINGLUNNI | SMÁRALIND

Ég kann mjög vel við þetta knappa form

Nýverið kom út fjórtánda ljóðabók Þórs Stefánssonar, útgefandi er franska forlagið L'Harmattan og ljóðin í bókinni eru bæði á íslensku og frönsku, en mikið umstang verður í kringum útgáfuna í París í október.

Magnús Guðmundsson
magnus@frettabladid.is



Það er ekki á hverjum degi sem íslenskt skáld sendir frá sér ljóðabók á tveimur tungumálum, íslensku og frönsku, en þetta fyrirkomulag er þó Þór Stefánssyni ljóðskáldi vel kunnugt. Ástin og lífið ... og fleiri ljóð / L'amour et la vie ... et d'autres poèmes, er fjórtánda ljóðabók Þórs en að baki á hann einnig jafn margar þýðingar úr frönsku. Þór segist þó alls ekki skrifa jöfnum höndum á íslensku og frönsku heldur hafi hann í gegnum tíðina þýtt eigin verk með frönskum þýðendum. „Það sem hefur komið út áður þýddi ég alltaf með Lucie Albertini og reyndar hef ég alltaf gert þetta að frumkvæði Frakkanna. Að þessu sinni vinn ég þýðinguna með Nicole Barrière, en hún er útgáfustjóri þessa bókaflökks hjá L'Harmattan-forlaginu í París sem gefur bókina út. En ég hef því aldrei gefið mig í það að skrifa beint á frönsku sjálfur heldur alltaf ort á íslensku og unnið svo þýðingarnar

í samvinnu við aðra. Ég hef reyndar líka þýtt eftir önnur íslensk skáld en fyrir fimmtán árum kom út bók sem mundi hafa heitið Tuttugu og fimm íslensk skáld, með verkum samtíma-höfunda.“

Þór segir að þessi sterku tengsl hans við Frakkland og franska menningu megi einfaldlega rekja til þess að hann hafi farið þangað til náms á sínum tíma. „Ég menntaði mig í Frakklandi og hef starfað m.a. sem frönskukennari og hef að auki verið að fást við þýðingar úr frönsku en þá einkum frá frönskumælandi jadaarsvæðum. Að auki ritstýrði ég frönsku orðabókinni á sínum tíma sem er nú vist ekki fáanleg lengur heldur aðeins aðgengileg á netinu.“

En finnst Þór að það sé kannski franskur keimur á hans ljóðagerð? „Ég veit það ekki, efast eiginlega um það. Reyndar var fyrsta skáldið sem ég þýddi Guillevec sem ég þýddi nokkrar bækur eftir. Ég finn nú ákveðna samkennd með honum en þetta eru yfirleitt stuttir textar hjá mér en það er ekki ýkja algengt í Frakklandi núna. En þetta knappa form hentar mér og ég kann vel við það. Guillevec yrkir einnig á þessu



Þór Stefánsson, ljóðskáld og þýðandi, segist yrkisefnin kristallast í titli nýjustu bókar sinnar. FRÉTTABLAÐIÐ/ANDRI MARINÓ

VIÐ SJÁUM UM

VIÐHALD OG VIÐGERÐIR
Á KÆLI- OG FRYSTIKERFUM



Rauðagerði 25 - 108 Reykjavík
Sími: 517 0900 / 777 1901
www.kaelivirkni.is



skoðuðu úrvalið á Weber.is

knappa formi og það er því ekki ólíklegt að ég hafi í raun valið að takast á við að þýða ljóðin hans vegna þess að það passaði mér, kunni vel við lag hans á ljóðlistinni. Hann var reyndar fallinn frá þegar ég fór að takast á við þessar þýðingar en ég kynntist ekkj-unnni hans og það var stórmerkileg kona.“

Varðandi yrkisefnin segir Þór að líkast til sé titill nýjustu bókarinnar ágætis vísbending. „Þessi titill, Ástin og lífið ... og fleiri ljóð, er nokkuð lýsandi fyrir það sem ég hef verið að takast á við í mínum ljóðum. Ástin hefur vissulega verið nokkuð áberandi en það er ekki allt bundið hana. Þemun hafa verið þessi: Ástin og lífið og ýmislegt fleira og dauðinn er auðvitað partur af lífinu.“

Þór segir að það hafi komið honum skemmtilega á óvart hversu

Ástin

Til Johns Lennon og Yoko Ono

Ástin er val.

Hún er meira að segja skynsamlegasta ákvörðun sem við höfum tekið um ævina.

Og við teflum henni í barnslegri einlægni

gegn grimmd heimsins.

Úr ljóðabók Þórs Stefánssonar *Ástin og lífið ... og fleiri ljóð.* Bls. 19

ÉG FINN NÚ ÁKVEÐNA SAMKENND MEÐ HONUM EN ÞETTA ERU YFIRLEITT STUTTIR TEXTAR HJÁ MÉR EN ÞAÐ ER EKKI ÝKJA ALGengt Í FRAKKLANDI NÚNA.

mikið verður svo að gerast í haust í París í tengslum við útgáfu bókarinnar þar. „Ég fer til Frakklands í október og þá verður heilmikið að gerast, það kemur mér eiginlega á óvart hvað það er mikið umstang. Það er þarna leikhús sem heitir Déchargeurs sem verður með dagskrá um verk mín á frönsku og svo ætlar Norræna bókasafnið í París, sem er deild í aðalsafni borgarinnar, að vera með dagskrá um verk mín. Þetta verður allt í sömu vikunni í október svo það er sitthvað að hlakka til.“

ICEWEAR ❄️ MAGASÍN

Laugavegi 91 · Heill heimur af útvistarvörum

Allt fyrir
VERSLÓ
á einum stað

NORDAN
Alvöru smekkbuxur
Kr. 6.990

Álkanna með krók
Kr. 990

Sjálfustöng
Kr. 1.990

Hitabrúsi
Kr. 990

Víkingahjálmur
Kr. 1.490

Sólgleraugu
Kr. 440

Regnhlíf
Kr. 1.990

ÚTIVISTAR- OG
REGNFATNAÐUR,
SKÓR, OG
FYLGIHLUTIR Á
FRÁBÆRU VERÐI



King Kamp tjöld
Svefnpokar og allur
útilegubúnaður
á 50% afslætti.



Úlpur frá Kr. 12.990
Regnstakkar Kr. 8.990
Pollabuxur Kr. 6.990
Brúsar Kr. 990



www.icewear.is

VERSLANIR ICEWEAR

REYKJAVÍK AUSTURSTRÆTI 5 · VESTURGATA 4 · ÞINGHOLTSSTRÆTI 2-4 · LAUGAVEGUR 1 · LAUGAVEGUR 89-91 OUTLET · FÁKAFEN 9 OUTLET
GARÐABÆR MIÐHRAUN 4 · AKUREYRI HAFNARSTRÆTI 106 · VÍK ÍMÝRDAL AUSTURVEGUR 20 · VESTMANNAEYJAR BÁSASKERSBRYGGJU 2

LAUGARÁS BÍÓ **5%** **mid.is**

THE DARK TOWER
IDRIS ELBA MATTHEW MCCONAUGHEY
SÝND KL. 4, 6, 8, 10

VALERIAN
SÝND KL. 4, 7, 10

AULINN EG 3
ÍSL. 2D KL. 4, 6

WISH UPON
SÝND KL. 8

BÁBY DRIVER
SÝND KL. 10

SAMBÍÓIN SAMbio.is KAFTU BÍÓMIÐANN Í SAMBÍÓ APPINU

Frá leikstjóra The Dark Knight þrileiksins, Inception og Interstellar

DUNKIRK
★★★★★ ENTERTAINMENT WEEKLY
★★★★★ THE HOLLYWOOD REPORTER
★★★★★ EMPIRE
★★★★★ VARIETY
★★★★★ TOTAL FILM
metacritic 94%
FRESH 93%

FUN MOM DINNER
Frábær grínmynd

STORKURINN RIKKI
Frábær teknimynd fyrir alla fjölskylduna
Sýnd með íslensku tali.

THE BLEEDER
BASED ON A TRUE STORY

DESPIABLE ME 3
Sýnd með íslensku tali í 2D og 3D

SAMBÍÓIN	ÁLFABAKKA	EGILSHÖLL	KEFLAVÍK
DUNKIRK	kl. 5:40 - 8 - 9 - 10:20	DUNKIRK	kl. 8
DUNKIRK VIP	kl. 3:20 - 5:40 - 8 - 10:20	THE BLEEDER	kl. 8
FUN MOM DINNER	kl. 7 - 8 - 10:20	STORKURINN RIKKI ÍSL. TAL.	kl. 10:20
THE BLEEDER	kl. 8	THE HOUSE	kl. 6
STORKURINN RIKKI ÍSL. TAL.	kl. 2 - 3 - 4 - 6	WONDER WOMAN 2D	kl. 10:20
AULINN EG 3 ÍSL. TAL. 2D	kl. 2 - 4 - 6	BAYWATCH	kl. 6
AULINN EG 3 ÍSL. TAL. 3D	kl. 3 - 5	KRINGLUNNI NÚMERUÐ SÆTI	AKUREYRI
ALL EYEZ ON ME	kl. 10	DUNKIRK	kl. 8 - 10:20
THE HOUSE	kl. 8	FUN MOM DINNER	kl. 8
BÍLAR 3 ÍSL. TAL. 2D	kl. 3:20 - 5:40	STORKURINN RIKKI ÍSL. TAL.	kl. 10:20
WONDER WOMAN 2D	kl. 10	BAYWATCH	kl. 6
		PIRATES 2D	kl. 8

Góða skemmtun í bíó

Purelife Kísill

HREIN SILICA FYRIR HÚÐ HÁR OG NEGLUR

MAMMAVEITBEST.IS

HAFÍS **Ísbúðin** **Ógleymanleg uppifun**

Íslenskur ís með ítalskri hefð

Komdu og fáðu rjómaís og laktósafrían vegan ís

Bæjarhrauni 2 | Hafnarfirði | Sími: 4370000 | hafis@hafis.is

Ábendingahnappinn má finna á www.barnaheill.is

TILKYNNNA ÓVÍDEIGANDI EÐA ÓLÖGLEG TÆNI Á NETINU

Hvað? Hvenær? Hvar? Miðvikudagur

hvar@frettabladid.is

2. ÁGÚST 2017

Tónlist

Hvað? Schola cantorum
Hvenær? 12.00
Hvar? Hallgrímskirkju Kammerkórinn Schola cantorum heldur vikulega miðvikudagstónleika á Alþjóðlegu orgelsumri í Hallgrímskirkju og flytur fagar, íslenskar kórperlur. Íslenskum og erlendum gestum er síðan boðið upp á kaffi, mola og spjall eftir tónleikana í safnadarheimili Hallgrímskirkju. Miðaverð 2.500 kr.

Hvað? Íslensk sönglög
Hvenær? 18.00
Hvar? Harpa Kristín Sveinsdóttir mezzosópran og Eyrún Unnarsdóttir sópran flytja íslensk sönglög. Laufey Sigrún Haraldsdóttir leikur á flygilinn.

Hvað? Ragnheiður Gröndal – Tónleikaröð Norræna hússins
Hvenær? 20.00
Hvar? Norræna húsið Ragnheiður Gröndal (söngkona og pianóleikari) og Guðmundur Pétursson (gítarleikari) hafa unnið saman í meira en áratug að alls konar tónlistarverkefnum. Þjóðlagadúett þeirra endurspeglar alla þessa tónlistarlegu reynslu og hefur jafnframt sterka tengingu við íslenska tónlist í gegnum áratugi og aldir. Íslensk þjóðlagatónlist tilheyrir hefð sem er að mestu leyti horfin og fær reglur hafa verið skrifaðar. Sú staðreynd opnar fyrir persónulega túlkun. Tónlistin sem leikin verður í Norræna húsinu verður blanda af eigin efni, nýju efni og íslenskum þjóðlögum.

Viðburðir

Hvað? Qigong fyrir alla
Hvenær? 11.00
Hvar? Klambkratún Kinversk hreyfist qigong og taichi er mörg þúsund ára lifandi hefð. Harvard læknaskólinn telur hana eina heilnæmstu hreyfingu sem hægt er að stunda og hvetur nú óspart til útbreiðslu qigong og taichi í lýðheilsu- og lækningaskyni. Hvarvetna í heiminum stundar fólk þessar einföldu og áhrifaríku æfingar á opnum svæðum í borgum. Tveir heimar og hverfisráð miðborgar og Hlíða eiga í



Ragnheiður Gröndal tekur nokkur vel valin lög í Norræna húsinu í kvöld. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

samstarfi um þessar opnu æfingar.

Hvað? Partí karóki með Þórunni Antoníu og Dóru Júlíu
Hvenær? 22.00
Hvar? Sæta svinið, Hafnarstræti Stuð og fjór á Sæta svininu á miðvikudagskvöldum og blússandi karóki.

Sýningar

Hvað? Louisa Matthíasdóttir: Kyrrð
Hvenær? 10.00
Hvar? Kjarvalsstaðir Viðamikil yfirlitssýning á verkum listakonunnar Louisu Matthíasdóttur (1917-2000) þar sem kærkomið tækifæri gefst til að fá yfirsýn yfir feril listakonnu sem á einstakan hátt hefur túlkað íslenskt landslag. Á sýningunni má vel sjá þá breidd sem býr í verkum hennar. Nærumhverfi hennar varð í langflestum tilfellum efniviður verkanna, hvort sem um var að ræða landslag, uppstillingar eða myndir af henni sjálfri.

Hvað? Ragnar Kjartansson: Guð, hvað mér líður illa
Hvenær? 10.00
Hvar? Hafnarhúsið Ragnar Kjartansson heldur fyrstu safnsýningu sína á heimavelli eftir sigurför á erlendra grundu á undanföllum árum. Þar á meðal eru meiri háttar yfirlitssýningar í virtum söfnum báðum megin við Atlantshafid.

Hvað? Ásmundur Sveinsson: List fyrir fólkid
Hvenær? 10.00
Hvar? Ásmundarsafn, Sigtúni Yfirlitssýning á verkum Ásmundar Sveinssonar myndhöggvara. Á sýningunni er sjónum beint að öllum ferli listamannsins allt frá treskurðar-

námi hjá Ríkharði Jónssyni og til síðustu ára listamannsins. Sýnd eru verk unnin í ýmis efni þar á meðal verk höggvin úr tré, gerð úr steinsteypu og bronsi. Á sýningunni eru jafnframt frummyndir þekkra verka sem stækkuð hafa verið og sett upp víða um land. Hönnuður sýningarinnar er Finnur Arnar Arnarson og er framsetning verkanna með þeim hætti að í einstakri umgjörð Ásmundarsafns fá þau nýtt og kröftugt samhengi.

Hvað? Kjarval – lykilverk
Hvenær? 10.00
Hvar? Kjarvalsstaðir Á sýningunni gefst gott tækifæri til að kynnast mörgum lykilverkum frá ferli listamannsins og fá innsýn í þau meginstef sem voru uppistaðan í lífsverki hans. Annars vegar landið í öllum sínum fjölbreytileika og hins vegar það líf og þær tákmyndir sem Kjarval skynjaði í landinu, það sem hugurinn nemur ekki síður en það sem augað sér.

Hvað? -LINES- Gagnvirk hljóð innsetning
Hvenær? 11.00
Hvar? Norræna húsið Sænska tónskáldið Anders Lind hefur skapað þessa einstöku innsetningu sem kannar einn af grunnþáttum vestrænnar tónlistar: Línur. Línur fastar við vegg, gólf og hangandi úr lofti í samblandi við skynjara og raftæki mynda þrjú nýmóðins hljóðfæri, sem gera þér kleift að skapa tónlist með höndunum. Eltu eða þveraðu línurnar til að skapa þína eigin tónlist – kannaðu, leiktu, lærdu og hlustaðu í hljóðfylltu rými. Innsetningin er bæði fyrir börn og fullorðna og getur jafnvel verið áskorun fyrir reynd tónskáld. Verkið er þátttökuverk sem nýtur sín best þegar fleiri bregða á leik, en einnig er hægt að njóta verksins ein/n sín líds.

FERÐAVAGNAR

GÓÐ
ÞJÓNUSTA
OG HAGSTÆÐ
KJÖR Á
SKOÐUNUM

BIFREIÐASKOÐUN 2017-18

Ferð í lagi!

Keyrum örugg um vegi landsins
og látum skoða vagninn þar sem
reynslan er mest!



HÖFUÐBORGARSVÆÐIÐ

FERÐAVAGNA- SKOÐUN

FRUMHERJI SKOÐAR FERÐAVAGNA Á
EFTIRTÖLDUM STÖÐUM Á HÖFUÐ-
BORGARSVÆÐINU.



HÓLMASLÓÐ 2
REYKJAVÍK



KLETTAGÖRÐUM 11
REYKJAVÍK



ÖRUGG
FERÐAVAGNASKOÐUN
UM ALLT LAND

sjá nánar á www.frumherji.is



DALSHRAUNI 5
HAFNARFJÖRÐUR



 **Frumherji**

www.frumherji.is

Sími: 570 9090 · Netfang: frumherji@frumherji.is · www.frumherji.is

20
ÁRA
STOFNAD 1997

orkusalan

TUBORG
LÉTTÓL

SUNNUDAG KL. 23:15



Þjóðhátíð 2017

BREKKUSÖNGUR Í BEINNI!



BYLGJAN
989

VÍSIR.IS

Við ætlum að taka Þjóðhátíðarstemninguna alla leið um verslunarmannahelgina og verðum með brekkusönginn í beinni á Stöð 2, Bylgjunni og Vísi. Njóttu töfra Þjóðhátíðar með okkur og taktu lagið með Ingó Veðurguð og öllum glöðu gestunum í Eyjum.



MARGFALT SKEMMTILEGRI

1817 | 365.IS

365



Unnsteinn Ólafsson, Þorgerður Magnúsdóttir, Kristín Lind Magnúsdóttir, Magnús Sveinn Ingimundarson.



Sonja og Ólöf voru kátar.



Sonja, Svavar Jóhannsson, Stefánía Svavarsdóttir og Benjamín Náttmörður Árnason.

Mikil gleði á tónleikum

Red Hot Chili Peppers

Ingólfur Örn Ingólfsson, Bjarni Már og Fannar Sigurðsson.



Ástvaldur Ari, Lilja, Valdís, Guðmundur Arnar, Magnús, Ástriður, Hallgrímur og Brynhildur.

Red Hot Chili Peppers hélt uppi stuðinu í Nýju Laugardalshöllinni á mánudag. Hljómsveitin er þekkt fyrir skemmtilega sviðsframkomu og mun hafa staðist væntingar íslenskra aðdáenda og rúmlega það.



Steini, Hrafnkell og Hrannar.

Tónleikahaldarinn Ísleifur Þórhallsson segir tónleikana hafa gengið vel. Hann segir meðlimi Red Hot Chili Peppers hafa verið í afar góðu skapi á tónleikunum og það hafi skilað sér út í salinn til áhorfenda. „Það var geðveik stemning í salnum og þeir fundu gott „vibe“ frá áhorfendum.“

Ísleifur segir hátt í 10.000 manns hafa mætt á tónleikana og að tónleikagestir hafi verið ánægðir. „Það voru allir voða „happy“ enda voru meðlimir Red Hot Chili Peppers í banastuði á sviðinu.“

„Þeir höfðu góðan tíma hérna á Íslandi og fóru í Bláa lónið, út að borða og fleira. Og þetta var síðasta gíggid þeirra í þessum legg á túrnum, þannig að þeir eru búnir að vera í mjög löngum túr en eru að fara í sex vikna frí núna. Þetta allt saman skilaði sér út í salinn.“

Ísleifur fékk svo að heyra frá teyminu sem starfar með Red Hot Chili Peppers að það hefði legið áberandi vel á öllum. „Þeir í „crew-inu“ þekkja þá svo vel og þeir sögðu mér að þeir hefðu verið í virkilega góðu skapi og í alveg þvítílu formi.“



Jóhann Egill, Kári og Hlynur Sævarsson.



Óli, Bjartur, Veiga Dís, Sturla og Gummi.



Íris, Steinar, Hjalti og Atli. FRÉTTABLAÐIÐ/ANDRI MARINÓ

SPORTS DIRECT

**NÝ SENDING
Í HVERRI VIKU**

GELERT VINDSÆNGUR



TIL Í MISMUNANDI STÆRÐUM

**MEGA
VALUE**

1.990 KR. - 3.990 KR.

KARRIMOR VATNSPOKI FYRIR BAKPOKA



VERÐ FRÁ

**MEGA
VALUE**

3.190 KR.

KARRIMOR SANDALAR



TIL Í STÆRÐUM 41-47

**MEGA
VALUE**

5.990 KR.

CAMPRI UNDIRBOLUR



**MEGA
VALUE**

2.490 KR.

SOUL CAL HERRA STUTTBUXUR



**2 FYRIR
7.990 KR.**

5.190 KR.

FABRIC STRIGASKÓR



TIL Í STÆRÐUM 36-40

**MEGA
VALUE**

3.990 KR.

PUMA BÓMULLARBUXUR



**MEGA
VALUE**

5.590 KR.

REEBOK ÆFINGABOLIR



**2 FYRIR
6.190 KR.**

3.790 KR.

GELERT ÚTIVISTARKODDI



**2 FYRIR
2.290 KR.**

1.490 KR.

GELERT FERÐAHANDBLÆÐI



TIL Í MÖRGUM STÆRÐUM

**MEGA
VALUE**

1.990 KR. - 3.190 KR.

VANS STRIGASKÓR



**MEGA
VALUE**

6.390 KR.

NIKE SB STRIGASKÓR



**MEGA
VALUE**

8.990 KR.

GILDIR Á MEDAN BIRGÐIR ENDAST. BIRT MED FYRIRVARA UM INNSLÁTTAR- OG PRENTVILLUR.

**SPORTS
DIRECT**

Skógarland 2

Opnunartími
Mán-mið: 10-19
Fim: 10-21
Fös: 10-20
Lau-Sun: 10-18



Hin
Fullkomna
Gjöf

Gildir í
verslunum
Sportsdirect
á Íslandi!

**SPORTS
SPORTS
SPORTS
DIRECT**

GJAFAKORT

Gildir í verslunum Sportsdirect.com á Íslandi!

LOKA VIKAN

DORMA
Láttu drauminn rættast

Sumar útsalan

**ALLT AÐ
60%
AFSLÁTTUR**



ÚTSALA
25%
AFSLÁTTUR

MEGA
hornsófi - opinn

Ljós- og dökkgrátt slitsterkt áklæði.
Hægra eða vinstra horn.
Stærð: 297 x 241 x 88 cm.
Fullt verð: 219.900 kr.

Aðeins **164.925 kr.**



ÚTSALA
20%
AFSLÁTTUR

DALLAS
hægindastóll

Vandaður hægindastóll.
Sveif til að lyfta upp
fótaskemli er á hlið
stólsins. Leður á
slitflötum. Svartur, grár,
dökkbrúnn og rauðbrúnn.
Stærð: 82 x 96 x 103 cm
Fullt verð 99.900

Aðeins **79.920 kr.**

Afgreiðslutími Rvk
Mánudaga til föstudaga kl. 10-18
Laugardaga kl. 11-17
Sunnudaga kl. 13-17 (Smáratorgi)
www.dorma.is

Holtagörðum, Reykjavík
Smáratorgi, Kópavogi
Dalsbraut 1, Akureyri
Skeiði 1, Ísafirði

DORMA
Láttu drauminn rættast



Kryddþiurnar voru miklar tiskufyrirmyndir á sínum tíma. NORDICPHOTOS/GETTY

Hvar eru

Kryddþiurnar

í dag?

Hljómsveitin The Spice Girls var geysivinsæl á sínum tíma en hún samanstóð af fimm söngkonum. Síðan The Spice Girls lagði upp laupana hefur mismikið spurst til meðlimanna fimm, Mel B, Mel C, Geri Halliwell, Vicoríu Beckham og Emmu Bunton. Hvað hafa þær verið að bralla undanfarið og hvar eru þær í dag?

Nú eru liðin 23 ár síðan breska hljómsveitin The Spice Girls eða Kryddþiurnar kom fyrst fram á sjónarsviðið. Hljómsveitin samanstóð af Melanie Brown sem var kölluð Scary Spice, Emmu Bunton eða Baby Spice, Melanie Chrisholm sem fékk gælunafnið Sporty Spice, Geri Halliwell sem var kölluð Ginger Spice og Victoríu Beckham sem var betur þekkt sem Posh Spice. Hljómsveitin hætti störfum árið 2000 eftir að hafa slegið rækilega í gegn með tónlist sinni, klæðaburði og framkomu. Síðan sveitin hætti hefur hún komið nokkrum sinnum fram. En hvað eru Kryddþiurnar að bralla í dag?

MEL B

Scary Spice er orðin 42 ára og er priggja barna móðir. Hún er nýskilin en hún sótti um skilnað við eiginmann sinn, Stephen Belafonte, á þessu ári. Síðan árið 2013 hefur hún starfað sem dómari í þáttunum America's Got Talent. Á þessu ári fór hún svo með hlutverk í Broadway-söngleiknum Chicago sem Roxie Hart.



MEL C

Mel C. er í dag 43 ára. Hún hefur unnið hörðum að sóloferlinum undanfarin ár og hefur greint frá því að hún sé undir áhrifum frá Madonna. Sjöunda sólóplata hennar kom út í október árið 2016. Hún hefur selt um 20 milljónir eintaka af sólóplötum. Hún á eitt barn með fyrrverandi kærasta sínum, Thomas Starr. Þau skildu árið 2012 eftir tíu ára samband.



EMMA BUNTON

Baby Spice er orðin 41 árs. Hún hefur komið víða við síðan Spice Girls hætti störfum, meðal annars í útvarpi, sjónvarpi, tiskuheiminum og auðvitað í tónlist. Emma á tvö börn með eiginmanni sínum, söngvaranum Jade Jones. Hún hefur unnið mikið með Barnahjálpi Sameinuðu þjóðanna (UNICEF) frá árinu 2013.



UM THE SPICE GIRLS

- Stofnuð árið 1994
- Hljómsveitin gaf út þrjár breiðskífur á meðan hún var starfandi
- Kryddþiurnar seldu 85 milljónir platna á heimsvísu
- The Spice Girls varð að fjögurra manna bandi árið 1998 þegar Geri Halliwell hætti í hljómsveitinni
- Meðlimir þóttu miklar tiskufyrirmyndir en hver hafði sinn stíl
- Árið 1997 kom gamanmyndin Spice World út sem fjallaði um sveitina og hljómsveitarlífið þar sem þær léku sjálfa sig

VICTORIA BECKHAM

Victoria er orðin 43 ára. Victoria hefur verið gift fótboltakappanum David Beckham frá árinu 1999 og saman eiga þau fjögur börn. Victoria hefur verið að gera það gott í tiskubrúnsinum seinasta áratug og tiskuhönnun á hug hennar og hjarta þessa stundina.



GERI HALLIWELL

Geri er 44 ára og tveggja barna móðir. Geri hefur tekið að sér ýmis verkefni síðan Spice Girls ævintýrið tók enda, bæði í tónlist og sjónvarpi. Þá hefur hún líka reynt fyrir sér í tiskuheiminum. Í júní sendi Geri frá sér lagið Angels in Chains til minningar um vin sinn, tónlistarmanninn George Michael, sem lést í fyrra.



Vissir þú að...

þú n eiga rétt á vernd gegn einokla

Barnaheill
Save the Children á Íslandi

Tryggðu þér áskrift

*9.990,- á mánuði.

365.is | Sími 1817



333 kr á dag*

365

ÚTSALAN ER HAFIN!



-40%

AF ÖLLUM
ÚTSÖLUVÖRUM



OPIÐ | MÁN - FÖS : 10-21 | LAU : 10-18 | SUN : 13-18

CALVIN KLEIN
FASHIONOLOGY
FILIPPA K
SUIT
SHOE THE BEAR
SIX AMÉS
WHYRED
WON HUNDRED

GK

SKÓLAVÖRÐUSTÍGUR 6

REYKJAVÍK



RICOH

WOMEN'S BRITISH OPEN

.....
Í BEINNI Á GOLFSTÖÐINNI
 3.-6. ÁGÚST



Golfstöðin

SÍMI 1817 | 365.IS | **365**

*Kynntu þér áskriftarleiðir á 365.is



Daði Freyr heldur til Kambódíu þar sem hann mun taka upp internetþætti ásamt kærustunni. MYND/PÉTUR EINARSSON

Síðasti séns á Daða Frey í sumar

Hinn eini sanni **Daði Freyr** hefur verið þéttbókaður síðan hann kom, sá og sigraði hjörtu þjóðarinnar í forkeppni Eurovision. Nú er komið að síðustu tónleikum hans í bili – á sjálfri Þjóðhátíðinni í Eyjum.

Það verður eitthvað rosalegt. Ég er mjög spennur fyrir því. Ég myndi ekki segja að ég væri mikill Þjóðhátíðarmaður – ég hef aldrei farið, eða jú, ég spilaði árið 2012 með hljómsveitinni Retrobot en við vorum farnir aftur daginn eftir að spila í Reykjavík. Nú er ég að spila á Innipúkanum á laugardegnum þannig að ég næ ekki að mæta fyrr en á sunnudag. Ég verð bara að taka laugardeginn einhvern tímann seinna," segir Daði Freyr, tónsmíður (eins og hann titlar sig í símaskránni) og Eurovisionstjarna, um það að spila á Þjóðhátíð, en hann hefur, algjörlega óvænt, átt ansi viðburðaríkt sumar.

Þú hefur verið bókstaflega alls staðar, er það ekki? „Jú, það er búið að vera svolítið að gera hjá mér. En ég fer alveg að hætta því – ég er að fara aftur til Berlínar eftir eina viku. Sumarið er búið að vera mjög gott. Ég hef spilað held ég 23 gigg allt í allt síðasta einn og hálfan mánuðinn. Nú er ég alveg tilbúinn að koma mér aftur út að vinna í nýrri músík.“

Er það plata? „Ég er að vinna alla vega í einni plötu fyrir sjálfan mig. Síðan er það eitt og annað sem verður að fá að koma í ljós síðar.“

Þannig að næsta sumar verður kannski enn meira sturlað hjá þér, að fylgja nýrri plötu eftir? „Vonandi. Annars er ég að fara til Kambódíu í desember og verð þar í hálf ár með kærustunni að búa til internetþætti – það gæti jafnvel verið að ég verði lengur þar og bara í Asíu eitthvað, það er ekki alveg komið á hreint.“

Við ætlum að taka upp eitthvert blogg og vera með tónlistartengda þætti, skoða mannlífið og leyfa fólki að fylgjast með því. Við eigum svo-



Það er ekki amalegur hópurinn sem verður með Daða. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

MEÐAL ÞEIRRA LISTAMANNA SEM KOMA FRAM Á ÞJÓÐHÁTÍÐ Í ÁR ERU:

- Ragga Gísla flytur Þjóðhátíðarlagið
- Emmsjé Gauti
- Aron Can
- Herra Hnetusmjör
- Páll Óskar
- Áttan
- Friðrik Dór
- FM95BLÖ
- Dimma
- Skítamóral

litið eftir að komast að því hvernig þetta á eftir að vera því að það er enn þá svolítið langt í þetta. Þetta er eitthvað sem við ákváðum fyrir löngu síðan og ætluðum raunar að vera komin út núna en plönin

ÉG HEF SPILAÐ HELD ÉG 23 GIGG ALLT Í ALLT SÍÐASTA EINN OG HÁLFAN MÁNUÐINN. NÚ ER ÉG ALVEG TILBÚINN AÐ KOMA MÉR AFTUR ÚT AÐ VINNA Í NÝRRI MÚSÍK.

breyttust svona aðeins eftir Eurovision," segir Daði Freyr og bætir við að raunar hafi það aldrei verið planið að koma til Íslands í sumar, hann hafi ætlað sér að vera bara heima fyrir í Berlín. En hann er þó alls ekki ósáttur við þessar breytingar sem fylgdu í kjölfarið á Eurovision og segir að þetta hafi verið fullkomin sumarvinna fyrir sig. stefanthor@frettabladid.is

KFC®

Krúshers®



NÝTT
BRAGÐ

ÞÚ BARA VERÐUR
AÐ SMAKKA
REGNBOGANN

LÍTILL 399 kr. | STÓR 549 kr. | 2 FYRIR 1 - VIRKA DAGA KL. 14-17



BAKÞANKAR

Kristínar Ólafsdóttur



Hin verstu hugsanlegu örlög

Foreldrar vinkonu minnar fóru nýlega í fri. Þau báðu mig að passa heimilið og köttinn í fjarveru sinni, sem ég gerði. Kettinum varð ekki alvarlega meint af viðveru minni, nartaði í fullt af rækjum, og innbú foreldranna er í svo gott sem fullkomnu ásigkomulagi.

Svo skilaði ég af mér ketti og húsi. Í beinu framhaldi, bara nú í vikunni, óskuðu foreldrar annarrar vinkonu eftir þjónustu minni. Þau voru líka á leið í fri og köttinn vantaði pössun. Ég féllst auðvitað á það, vegna þess að ég er vel upp alin, og hef viðamikla reynslu af sambærilegum verkefnum.

Og þá fór ég að pæla mikið í, skiljiði, þessari algjörlega klassisku hugmynd um geðillu og óhugnanlegu konuna í mölétna nátt-sloppnum sem óskrar á börn, býr ein í dimmu húsi og á þrettán ketti. Þetta er fjörgömul staðalímynd og vegna þess að ég var orðin einhvers konar kattarfóstra í hjáverkum, og auk þess einhleyp, þá lá beint við að bera mig saman við þessa konu. Í gríni, náttúrulega.

En í kjölfarið fór ég að hugsa svolítið stift um þessa konu. Konan með kettina er nefnilega einhvers konar táknmynd alls sem öðrum konum er kennt að hræðast. Aðallega vegna þess að konan með kettina er einhleyp. Henni mistókst að finna mann og eignast börn. Hún brást einhvern veginn tilgangi sínum, samofnum hugmyndinni um fjölskyldu, og það eru eiginlega verstu hugsanleg örlög fyrir konu.

Grínsamanburðurinn við kattarkonuna varð mér kvíðvænlegur. Sem er fjaránlegt vegna þess að virði mitt og identitet er auðvitað annað og meira en hugsanlegur kærasti og hvítvoðungur einhvern tímann á lífsleiðinni.

Þannig að nú ætla ég að passa kött. Óhrædd í mölétnum slopp, einhleyp og yggld á svip.

OPIÐ ALLAN SÓLARHRINGINN Í ICELAND ENGIHJALLA, VESTURBERGI, ARNARBAKKA OG GLÆSIBÆ



Iceland



FARÐU ÚT MEÐ GAMAN FERÐUM!

Hjá Gaman Ferðum leggjum við áherslu á að vera með góðar íbúðagistingar, fyrsta flokks hótél og gott verð. Komdu með því sólin skín hjá Gaman Ferðum!

TOSSA DE MAR



GHT Sa Riera ****

Verð frá: **121.900 kr.**

Miðað við 2 fullorðna og 1 barn (2-12 ára). Hálf fæði og akstur innifalinn. Ferðatímabil: 30. ágúst-7. sept. '17. Verð frá 133.900 kr. miðað við 2 fullorðna.

TENERIFE



Tigotan / Adults Only ****

Verð frá: **131.500 kr.**

Miðað við 2 saman í tvíbýli með útsýni yfir sundlaugagarð. Hálf fæði innifalið. Ferðatímabil: 26. ágúst-2. sept. '17.

SALOU




California Garden ***

Verð frá: **83.500 kr.**

Miðað við 2 fullorðna og 2 börn (2-12 ára). Morgunverður og akstur innifalinn. Ferðatímabil: 28. ágúst-5. sept. '17. Verð frá 99.900 kr. miðað við 2 fullorðna.

TENERIFE



Villa Cortes *****

Verð frá: **127.900 kr.**

Verð miðað við 2 fullorðna og 1 barn (2-12 ára). Morgunverður innifalinn. Ferðatímabil: 29. ágúst-5. sept. '17. Verð frá 149.500 kr. miðað við 2 fullorðna.

SALOU



Regina Gran ****

Verð frá: **96.900 kr.**

Miðað við 2 fullorðna og 2 börn (2-12 ára). Hálf fæði og akstur innifalið. Ferðatímabil: 4. -12. sept. '17. Verð frá 113.900 kr. miðað við 2 fullorðna.

Lloret de Mar



Olympic Palace ****

Verð frá: **110.900 kr.**

Miðað við 2 fullorðna og 2 börn (2-12 ára). Akstur & allt innifalið. Ferðatímabil: 6.-14. sept. '17. Verð frá 129.900 kr. miðað við 2 fullorðna.

*Innifalið í verði er flug, skattar, 20 kg taska, handfarangur (42x32x25cm) og gisting.

Bæjarhraun 14, sími 560 2000 / gaman.is / gaman@gaman.is / Gaman Ferðir fljúga með WOW air